



### Viltist í eigin heimabæ vegna veikinda

Innlent 2

Práinn Sigvaldason hefur enn ekki fengið úthlutað heimilislækni á Akureyri þrátt fyrir að glíma við alvarleg veikindi.



### „Líkami okkar elskar fitu“

Innlent 4

Tíðni ofþyngdar hjá íslenskum grunnskólabörnum hefur farið lækkandi. Prófessor segir vitundarvakningu um heilsu hafa skilað árangri.



### Öryggi lykullinn að vellíðan flóttamanna

Fréttaskýring 6

Ekkert þeirra sveitarfélaga sem Útlendingastofnun biðlaði til um að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu svaraði kallinu.



### Fyllir börn eldmóði, áhuga og gleði

Menning 38

Ágústa Margrét Arnardóttir, búsett á Djúpvogi, er ritstjóri HVAD, nýs barna- og ungmennatímarits.

# MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn



Viðtalið / Ragnheiður Þorgrímsdóttir

## Kona í stríði

Ragnheiður Þorgrímsdóttir hefur þurft að láta fella nítján hross vegna veikinda sem hún segir stafa af mengunarslysi í álverinu á Grundartanga 2007. Norðurál þvær hendur sínar og opinberar stofnanir hafna ítrekað kröfu hennar um ítarlega rannsókn. Hún er þó ekki af baki dottin og hyggst halda málinu til streitu með öllum ráðum.



**BIRTINGUR EHF**  
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík  
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:  
Halldór Kristmannsson

Framkvæmdastjóri:  
Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir

Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jónsson,  
Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson

Umbrot og hönnun: Ivan Burkni

Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson

Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Umsjónarmenn:  
Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,  
Steingerður Steinarsdóttir

Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson

Forsíða Mannlífs: Unnur Magna


Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Póstdreifing



Hádegismúum 2, 110 Reykjavík | sími 569 1100  
landsprent.is



Roald Viðar Eyvindsson  
Útgáfustjóri



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir  
Aðstoðarútgáfustjóri



Magnús Geir Eyrjólfsson  
Fréttastjóri



Guðný Hrónn Antonsdóttir  
Vefstjóri Mannlífs



Egill Páll Egilsson  
Bláðamaður



Friðrika Benónýsdóttir  
Bláðamaður



Hanna Ingibjörg  
Arnarsdóttir



Hákon Davíð Björnsson  
Virfjósmyndari



Steingerður  
Steinarsdóttir

#### BLÁÐAMENN

Bergþóra Jónsdóttir,  
María Erla Kjartansdóttir, Folda Guðlaugsdóttir,  
Guðrún Óla Jónsdóttir, Stefania Albertsdóttir,  
Sigrún Guðjónsen, Steinar Fjeldsted

#### LJÓSMYNDARAR

Hallur Karlsson, Unnur Magna

#### PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðrún Haraldsdóttir,  
Ragnheiður Linnet

**LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?**  
Sendu ábendingu á  
ritstjorn@mannelif.is.



**Innlent**  
HEILBRIGÐISMÁL

# Villtist á Glerártorgi vegna veikinda

**Berst við kerfið til að fá úthlutað heimilislækni á Akureyri.**

Skortur á heimilislæknum hefur verið viðvarandi á Akureyri árum saman og ástandið er svipað víðar á landsbyggðinni. **Þráinn Sigvaldason** flutti til Akureyrar fyrir fimm árum og hefur enn ekki fengið úthlutað heimilislækni en hann hefur verið inn og út af sjúkrahúsum frá því að hann fékk veirusýkingu í lifur haustið 2016.

Í samtali við Mannlíf segir Þráinn frá því að hann hafi veikt alvarlega haustið 2016 en hann greindist þá með fyrrnefnda veirusýkingu í lifur. Veiran hefur valdið Þráni miklu heilsutjóni og hann hefur verið inn og út af sjúkrahúsum síðan. Í febrúar á þessu ári hljóp sýkingin upp í höfuðið. „Þá var ég lagður inn á sjúkrahús með algjört minnisleysi og fékk lyf sem hefur læknað alla kvilla sem voru að hrjá mig nema ruglið í höfðinu,“ segir hann og bætir við það sé ólíðandi að þurfa á sama tíma að berjast fyrir því að fá þá þjónustu sem hann telur sig eiga rétt á.

## Sendur í hringi

Eftir að lækna á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) sögðu honum að fara heim og hvíla sig; að hann ætti að verða vinnufær aftur innan skamms, þótti Þráni ástæða til að fara fram á frekari eftirfylgni og fékk í kjölfarið tilvísun frá geðlækni í ráðgjöf og þjónustu hjá VIRK. Ráðgjafi þar hafi síðan leitað svara hjá heilsgæslunni á Akureyri um hvers vegna Þráni væri ekki úthlutað heimilislækni. Svörin sem fengust voru þau að staðan væri einfaldlega þannig að það væri skortur á heimilislæknum og því ekkert hægt að gera.

„Ég er í raun búinn að fara í hringi síðan þetta byrjaði. Ég er með sykursýki líka og var áður í sambandi við lækni, sem er í sérstöku sykursýkisteymi en þegar ég var farinn að geta haldið sykrunum nokkuð góðum þá útskrifaðist ég úr því teymi og læknirinn sagði mér að hafa bara samband við heimilislækni. Þegar ég sagði honum að ég væri ekki með heimilislækni og fengi hann ekki, sagði hann að hjúkrunarfræðingur myndi fylgjast með mér í staðinn. Svo fékk ég tölvupóst frá hjúkrunarfræðingi sem sagði mér að hafa samband við heimilislækni og svaraði mér ekki frekar. Þá var ég kominn í hring. Eftir þetta var mér bent á að senda erindi inn á Heilsuveru. Þegar ég sendi þeim lýsingu á veikindum mínum var mér sagt að hafa samband við heimilislækni,“ útskýrir Þráinn.

Staðan er því sú að ef Þráinn þarf á lækni að halda er helsta úrræði hans að fara á bráðavaktina á Sjúkrahúsinu á Akureyri, en hann segist hins vegar þurfa sárlega á því að halda að vera með fastan lækni sem þekki sögu hans betur en tilfallandi vaktlæknir geti gert. „Ef einhver þarf á heimilislækni að halda, hlýtt ég að falla undir þá þörf, ég er farinn að villast í mínum eigin heimabæ,“ segir hann. „Meira að segja í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi.“

## „Verulegt vandamál að manna stöður“

Félag heilsgæslulækna lagði inn umsögn um heilbrigðisáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2030. Þar er munnunarávandi rakinn og bent á að úrbóta sé þörf. „Heimilislæknum þarf að fjölga til að anna þeim verkefnum sem öflug heilsgæsla þarf að geta sinnt, bæði í þéttbýli en ekki síst í dreifbýli þar sem hefur verið verulegt vandamál að manna læknisstöður undanfarin ár,“ segir í umsögninni en undir hana ritar Salóme Ásta Arnardóttir, formaður Félags heilsgæslulækna.

Þá kemur fram í umsögninni að í samanburðarlöndum séu heimilislækna um þriðjungur allra lækna. Ef það sama ætti við á Íslandi væru heimilislækna 400 í stað 200 núna. „Til að ná markmiði um fjölgun heimilislækna úr 200 í 400 og gera ráð fyrir þeim hópi sem hættir á næstu árum vegna aldurs, þarf að koma til átak í sérnámi í heimilislækningum. Það þarf að fjölga sérnámsstöðum í að minnsta kosti 80 og því þarf að fylgja fjölgun kennslustjóra og starfsfólks sérnáms.“

Þráinn Sigvaldason.





U  
S  
L  
A

— er hafin.  
30-50% afsláttur.

**GEYSIR**



**LÆGSTA  
VERÐIÐ  
Í ÖLLUM  
LANDS-  
HLUTUM**

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.





kjarninn

FRÉTTASKÝRING

# Stuðningur samfélagsins lykillinn að velliðan flóttafólks

Málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd hafa verið í brennidepli undanfarið og hefur Útlendingastofnun leitað á náðir sveitarfélaganna og biðlað til þeirra að gerður verði þjónustusamningur við þessa einstaklinga. Einungis þrjú sveitarfélög á landinu hafa gert slíka samninga en samkvæmt sérfræðingi hjá Rauða krossinum er eðlilegt að aðstoð við þennan hóp sé með sama hætti og við aðra hópa í þjóðfélaginu.

Útlendingastofnun sendi bréf um miðjan mars síðastliðinn til allra sveitarfélaga á landinu til að kanna áhuga þeirra á að gera samning við stofnunina um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, sambærilega við þá sem stofnunin hefur nú þegar gert við Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ og Hafnarfjarðarbæ.

„Útlendingastofnun er nú með tvö búsetuúrræði fyrir umsækjendur um vernd í Bæjarhrauni í Hafnarfirði, eitt á Grensásvegi í Reykjavík og tvö á Ásbrú í Reykjanesbæ.“

Í svari Útlendingastofnunar við fyrirspurn Kjarnans kemur fram að ekkert þeirra sveitarfélaga sem svarað hefur erindinu taldi sig að svo stöddu í stakk búið til að bætast í hóp sveitarfélaga sem veita umsækjendum um vernd þjónustu en mörg þeirra hafi þó lýst yfir jákvæðri afstöðu til verkefnisins.

Auk Reykjanesbæjar hefur Reykjavíkurborg boðist til að kynna reynslu sína af verkefninu fyrir öðrum sveitarfélögum. Útlendingastofnun hyggst ræða það við dómsmálaráðuneytið hvernig best megi standa að slíkri kynningu fyrir önnur sveitarfélög en ekki er komin tímasetning á hana.

## 590 umsækjendur þiggja þjónustu hér á landi

Á meðan þjónustusamningar Útlendingastofnunar við sveitarfélög ná ekki utan um þann fjölda umsækjenda um vernd sem staddur er hér á landi og á tilkall til þjónustu mun stofnunin sjálf veita þeim þjónustu sem umfram eru. Um þessar mundir þiggja um 590 umsækjendur um vernd þjónustu hér á landi, þar af eru samanlagt um 330 hjá sveitarfélögnum þremur og um 260 hjá Útlendingastofnun.

Útlendingastofnun er nú með tvö búsetuúrræði fyrir umsækjendur um vernd í Bæjarhrauni í Hafnarfirði, eitt á Grensásvegi í Reykjavík og tvö á Ásbrú í Reykjanesbæ.

## Þjónustusamningarnir ná ekki utan um alla sem þurfa á þjónustu að halda

Engin opinber stefna er til hjá Útlendingastofnun um dreifingu umsækjenda milli sveitarfélaga eða um landið. Markmið stofnunarinnar er að búsetuúrræði séu að jafnaði rekin á vegum sveitarfélaga en stofnunin sinni fyrstu móttöku í einni komugátt.





VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

# OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjáriinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspeglar sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli  
Rafrifin opnun á afturhlera • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði\* 12.897.000 KR.

**SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.**

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



\*Aukabúnaður í tilboðsbilunum umfram rikulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapaki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarými, Carplay Smartphone Apple og Android, lykjalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörð með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útispeglum.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



**Kjarninn**

FRÉTTASKÝRING

„Við lærum líka af þeim og það myndast vinátta og samkennd. Við græðum öll á þessu.“ – Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir



Þrátt fyrir að þjónustusamningum við sveitarfélög hafi fjölgað á undanförunum árum og þeir verið stækkaðir – þannig að þeir nái til fleiri einstaklinga – þá hefur fjöldi umsækjenda um vernd verið slíkur á sama tíma að þjónustusamningarnir hafa ekki náð utan um alla sem hafa þurft á þjónustu að halda. Útlendingastofnun hefur því þurft að veita töluverðum fjölda umsækjenda þjónustu á undanförunum árum og bætt við og lokað búsetuúrræðum eftir þörfum.

### Fjölskyldur með börn í forgangi

Í Bæjarhrauni eru móttökuúrræði stofnunarinnar, eitt fyrir karla og annað fyrir konur og fjölskyldur en þar dvelja allir fyrst eftir komuna til landsins. Samkvæmt Útlendingastofnun er það forgangsatriði að fjölskyldur með börn fari sem fyrst í þjónustu hjá sveitarfélögunum.

Þar á eftir sé það viðmiðið að þeir umsækjendur fari í þjónustu hjá sveitarfélögunum sem fá efnislega meðferð umsóknar sinnar hér á landi því það séu þeir umsækjendur sem lengst þurfa að bíða eftir svári við umsókn sinni og þeir sem líklegastir eru til þess að fá jákvæða niðurstöðu.

Umsækjendur frá öruggum upprunaríkjum sem fá mál sín afgreidd í forgangsmeðferð og umsækjendur sem eru með mál sem afgreidd eru á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar dvelji alla jafna í búsetuúrræðum Útlendingastofnunar.



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjaneshæjar.

### Skýr stefna að uppfylla þjónustusamninginn

Í fundargerð velferðarráðs Reykjaneshæjar frá 12. júní síðastliðnum kemur fram að bréfið frá Útlendingastofnun hafi verið lagt fram þar sem óskað hafi verið eftir því við sveitarfélög að auka við þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd en engin jákvæð svör hafi borist. Einnig hafi verið leitað að hentugu húsnæði á suðvesturhorninu. Stofnunin sé í viðræðum um húsnæði á Ásbrú sem væri þá viðbót við það sem fyrir er á svæðinu. Það þýði að 170 manns gætu verið í þjónustu Útlendingastofnunar á Ásbrú með möguleika á fjölgun í allt að 250 manns.

Þá segir í fundargerð velferðarráðsins að það hafi ekki legið á skoðunum sínum varðandi málefni einstaklinga sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd. Skýr stefna sveitarfélagsins sé sú að uppfylla þjónustusamning sem gerður hefur verið við Útlendingastofnun um að sinna þjónustu við fjölskyldur eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu, allt að 70 manns, og gera það vel.

### Útlendingastofnun skortir húsnæði

„Í þeirri þjónustu hefur tekist nokkuð vel að aðlaga einstaklinga að samfélaginu og veita stuðning í nærumhverfi á meðan einstaklingarnir bíða eftir úrlausn sinna mála. Á sama tíma hefur Útlendingastofnun skort húsnæði til að taka á móti fleiri einstaklingum og því þurft að leigja húsnæði meðal annars í Reykjaneshæjar þar sem Útlendingastofnun sér um daglegan rekstur þar sem dvalið geta allt að 100 manns í einu. Þeir einstaklingar tengjast þjónustu sveitarfélagsins ekki á nokkurn hátt,“ segir í fundargerðinni.

Velferðarráði hugnast ekki sú hugmynd Útlendingastofnunar að stækka þjónustuhóp þeirra í sveitarfélaginu enn frekar og hefur áður leitað til stofnunarinnar og mælt með aðkomu fleiri sveitarfélaga. Mikilvægt sé að kynna vel fyrir öðrum sveitarfélögum hver samfélagslegi ávinningurinn er af því að sinna þessari þjónustu. Fulltrúar Reykjaneshæjar séu tilbúnir að taka þátt í þeirri vinnu.

### „Þessir einstaklingar hafa gefið okkur mikið“

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjaneshæjar, segir í samtali við Kjarnann að þau hafi átt von á þessari tilkynningu eftir að hafa verið í miklum samskiptum við Útlendingastofnun. Hún segir að mikilvægt sé að fleiri sveitarfélög komi að borðinu og geri þjónustusamninga við stofnunina. „Það er fyrst og fremst til að tryggja að hægt sé að mæta einstaklingunum í nærumhverfi þeirra og það gerum við með því að hafa dreifinguna betri. Þetta eru ólíkir einstaklingar með ólíkar þarfir.“

Hún telur að sveitarfélögin verði að sjá ávinning þess að gera slíka samninga en að hennar sögn er hann mikill bæði fyrir umsækjendurna sjálfa og samfélagið. „Þessir einstaklingar hafa nefnilega gefið okkur mikið.“

Halldóra veltir því fyrir sér hvort heppilegt sé að tugir, jafnvel hundruð, manna séu í einu eða tveimur húsum, eins og raunin er í Reykjaneshæjar á vegum Útlendingastofnunar. „Með því að þjónusta minni hópa eru meiri líkur á að þörfum einstaklinganna sé mætt.“ Hún bendir á að umsækjendur um alþjóðlega vernd sem búa í þessum tveimur húsum séu ekki hluti af þjónustusamningi við Reykjaneshæjar og því geti þeir ekki leitað þjónustu til sveitarfélagsins.

### Mikill samfélagslegur ávinningur

„Við fengum fulltrúa dómsmálaráðuneytisins til fundar við okkur og buðum fram krafta okkar til að móta skýrari stefnu. Okkur hefur gengið vel hér; við erum með margar fjölskyldur þar sem börnin ganga í skóla og leikskóla og við reynum að sinna þessari þjónustu eins vel og við getum,“ segir Halldóra og bætir því við að þau sjái mikinn samfélagslegan ávinning að hafa hælisleitendur í bænum. „Við lærum líka af þeim og það myndast vinátta og samkennd. Við græðum öll á þessu,“ segir hún.

Samkvæmt Halldóru hefur dómsmálaráðuneytið tekið vel í tillögur þeirra og vonast hún til að það muni leita til þeirra í náinni framtíð. „Við þurfum öll að huga betur að sálægslu og þátttöku einstaklinga í samfélaginu. Það er alls ekki kvöld að sinna þessum málaflokki eða uppfylla þjónustusamninginn,“ segir hún.

### Vel hefur tekist hjá Hafnarfjarðarbæ

Hafnarfjarðarbær er, eins og áður segir, eitt þriggja sveitarfélaga á landinu sem er með þjónustusamning við Útlendingastofnun. Í svári Hafnarfjarðarbæjar við fyrirspurn Kjarnans kemur fram að sveitarfélagið hafi brugðist vel við erindum Útlendingastofnunar. „Sveitarfélagið hefur unnið vel að þessum málum og sinnt þeim af ábyrgð og metnaði,“ segir í svarinu.

Þá hafi Hafnarfjarðarbær enn fremur lagt áherslu á að fá fleiri sveitarfélög



Mótmæli flóttafólks í febrúar. Mynd / Bára Huld Beck

## Kröfur flóttafólks á Íslandi

■ Flóttafólk á Íslandi boðaði til sinna fyrstu mótmæla þann 13. febrúar síðastliðinn við Hallgrímskirkju en þaðan var gengið á Austurvöll en síðan þá hefur það staðið fyrir hinum ýmsu gjörningum til að vekja athygli á málstað sínum. Helstu kröfur þeirra voru meðal annars að ekki yrði fleirum vísað úr landi og að flóttafólk fengi sanngjarna málsmeðferð, auk þess að Dyflinnarreglugerðin og hinar einangruðu flóttamannabúðir á Ásbrú – eins og þau orðuðu það – yrðu lagðar niður.

til að koma að þessari þjónustu og láta reyna á það áður en fleiri hælisleitendur yrðu settir í úrræði í Hafnarfjarðarbæ. Bærinn er með samning sem hljóðar upp á þjónustu við allt að 60 hælisleitendur og samkvæmt samskiptastjóra sveitarfélagsins hefur gengið vel að uppfylla þann samning.

### Reykjavík fjölgar þeim sem borgin þjónustar

Borgarstjóri Reykjavíkurborgar, Dagur B. Eggertsson, svaraði bréfi Útlendingastofnunar og var svarið lagt fram í borgarráði 9. maí síðastliðinn. Samningur velferðarsviðs við Útlendingastofnun var samþykktur í borgarráði þann 2. maí og er um að ræða fjölgun upp á 20 einstaklinga sem Reykjavík þjónustar á milli ára – úr 200 í 220.

Í bréfi borgarstjóra til Útlendingastofnunar segir að samkvæmt fréttum hafi borið á því að sveitarfélög skorist undan að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu. Það séu vonbrigði og byðst Reykjavíkurborg til að kynna reynslu sína af verkefninu fyrir hikandi eða neikvæðum sveitarfélögum, ef Útlendingastofnun óskar eftir. Sem fyrr sé Reykjavíkurborg einnig tilbúin til frekari viðræðna við Útlendingastofnun um aukna þjónustu fáist ekki nægilega mörg sveitarfélög til að veita slíka þjónustu.

### Útiloka ekki að skoða málið síðar

Kjarninn sendi fyrirspurn til hinna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og bástust svör frá Garðabæ, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarneshæjar.

Bæjarráð Garðabæjar fjallaði um bréf Útlendingastofnunar á fundi sínum þann 19. mars síðastliðinn og fól bæjarráð bæjarstjóra að ræða við forstjóra Útlendingastofnunar. Samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ ræddi bæjarstjórnin, Gunnar Einarsson, nýverið við Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, um erindið. Í samtali þeirra kom fram að Garðabær er sem stendur á fullu að undirbúa komu flóttafólks til Garðabæjar í haust en bæjarstjórnin samþykkti samhljóða á fundi sínum 6. júní síðastliðinn samning félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar um mót-töku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks 2019 til 2021.

Í svarinu kemur enn fremur fram að viðbrögð bæjaryfirvalda hafi verið á þann veg að Garðabær vilji fyrst einbeita sér og gera vel í því verkefni sem fram undan er að taka á móti þessum tíu flóttamönnum. „Á meðan á því stendur verður því ekki farið af stað með gerð þjónustusamnings við Útlendingastofnun vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd en ekki útilokað að hægt verði að skoða það síðar.“





Sumar

# ÚTSALA

Húsasmiðjunnar og Blómavals

Allt að **50%** afsláttur

Trjáplöntur -**50%** • Sumarblóm -**30-50%** • Sláttuvélar -**25-35%** • Útipottar -**30%**  
Reiðhjól -**30-40%** • Garðhúsgögn -**25-40%** • Broil King grill og fylgihlutir -**25-30%**  
Lady málning -**25%** • Pallaolía og viðarvörn -**20%** • Hekklippur -**25-40%**  
Orf og keðjusagir -**25-30%** • Mosatætarar -**30-40%** • Matarstell og glös -**30%**  
Útipottar -**30%** • Pottar og pönnur -**30%** • Fatnaður -**25%** • Strauborð og herðatré -**25%**  
ELKOP tröppur og stigar -**30%** • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -**25-50%**  
Garðstyttur -**30%** • Garðahöld og verkfæri -**25-40%** • Blöndunartæki -**25%**  
Valdar flísar og parket -**40%** • Skjólgirðingar -**20-25%** • Pallastiklur -**20%**  
... auk hundruð annarra útsölutilboða





Ísabella Ósk Másdóttir, sérfræðingur á kynningarsviði Rauða krossins.

### Segja húsnæðisvanda hafa áhrif

Í svari Mosfellsbæjar kemur fram að bæjarráðið hafi orðið við beiðni félagsmálaráðuneytisins að taka í ár á mótí títu einstaklingum sem hafa stöðu flóttafólks samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Þá segir í svarinu að fjölgun íbúa í Mosfellsbæ undanfarið ár sé umtalsverð og samfara henni sé eðlilega aukin eftirspurn eftir þjónustu sem fjölskyldusvið hafi ekki farið varhluta af. Mosfellsbær hafi tekið á mótí hópi flóttafólks fyrir ári og einu erfiðleikarnir við framkvæmd þess hafi falist í vanda við að útvega húsnæði fyrir fólkið. Húsnæðismarkaðurinn sé enn með þeim hætti að ætla megji að vandkvæðum væri bundið að finna viðeigandi húsnæði fyrir svo stóran hóp fólks.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti í því ljósi að gera að svo stöddu ekki þjónustusamning við Útlendingastofnun um að tryggja þjónustu við 40 til 50 umsækjendur um alþjóðlega vernd. Afgreiðsla bæjarráðs var staðfest á fundi bæjarstjórnar í apríl og Útlendingastofnun hefur verið upplýst um þá afgreiðslu.

### Hafa ekki tók á að aðstoða Útlendingastofnun í þessu verkefni

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, svaraði bréfi Útlendingastofnunar í lok mars síðastliðins þar sem hún greindi frá því að erindið hefði verið tekið fyrir

á bæjarráðsfundi sama dag. „Á þeim sama fundi samþykkti bæjarráð að taka á mótí flóttafólki, sem hafa stöðu flóttafólks samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna á næstu mánuðum,“ sagði í svari bæjarstjórnans. „Við höfum því miður ekki tók á að aðstoða Útlendingastofnun í þessu verkefni samhliða því.“

Samkvæmt almannatengli Kópavogsbæjar var bréf Útlendingastofnunar lagt fram í bæjarráði og vísað þaðan til úrvinnslu hjá sviðsstjóra velferðarsviðs. Ekki hafi enn verið sent svar frá Kópavogsbæ til Útlendingastofnunar.

### Æskilegast að sveitarfélögin annist umsækjendur

Samkvæmt svörum frá Rauða krossinum hefur stofnunin lengi bent á það að æskilegast sé að umönnun umsækjenda um alþjóðlega vernd sé í höndum sveitarfélaga enda sé félagsleg þjónusta byggð upp á nærþjónustu í landinu öllu og því eðlilegt að aðstoð við þennan hóp sé með sama hætti og við aðra hópa í þjóðfélaginu.

Þær félagsþjónustur sem hafa sinnt þjónustunni hingað til hafi gert það með mikilli þrýði og ekki sé nein ástæða til að ætla annað en að ef fleiri sveitarfélög bætist í hópinn verði sami metnaður þar að leiðarljósi. Rauði krossinn telur því mjög jákvætt að fleiri umsækjendur um alþjóðlega vernd dveljist í umsjón sveitarfélaga meðan á málsmeðferð stendur.

Ísabella Ósk Másdóttir, sérfræðingur á kynningarsviði Rauða krossins, segir að mikilvægast sé að þjónustan sé sambærileg óháð því hver veitir hana og því skipti í raun ekki máli í hvaða sveitarfélagi fólk býr. Mismunur í þjónustustigi sé alltaf áskorun líkt og er núna þar sem þjónusta sveitarfélaganna er á mun breiðari grunni en þjónustan sem Útlendingastofnun veitir.

### Ef aðgengi er skert getur fólki liðið verr

„Það hafa verið gerðar kannanir hjá Rauða krossinum sem gefa vísbendingar um að staðsetning geti haft áhrif á líðan fólks á meðan á málsmeðferð stendur. Það sem er lykilatriði þar, er aðgengið að þjónustu, þ.e. ef aðgengið er skert þá upplifir fólk staðsetningu mögulega sem einangrun og það hefur neikvæð áhrif á líðan og öryggistilfinningu,“ segir Ísabella. En ef þjónustan er góð þá líði fólki eins vel og hægt er miðað við aðstæður. Þau hjá Rauða krossinum sjái til að mynda að fólk sem býr hjá félags- og fjölskylduþjónustu Reykjanesbæjar kvartu ekki undan staðsetningu þar sem öll sú þjónusta sem þau þurfa sé í nærumhverfinu.

„Það er nefnilega lykillinn að vellíðan að fólk fái upplýsingar, finni fyrir öryggi og fái nauðsynlega þjónustu eins og félagslegan stuðning og heilbrigðisþjónustu,“ segir hún en bætir því við að ekki sé þó hlaupið að því að færa umsækjendur um alþjóðlega vernd of langt frá þeim stöðum þar sem málsmeðferðin fer fram meðan á málsmeðferð

stjórnvalda stendur því það skapi þessa raunverulegu fjarlægð sem sé ekki af hinu góða. Öðru máli gegni þegar fólk er komið með vernd og er að taka sín fyrstu skref út í samfélagið. Þá skipti staðsetningin ekki lengur höfuðmáli heldur nærsamfélagið og möguleikar sem fólk hefur til að taka þátt.



Samtals fengu 289 einstaklingar alþjóðlega vernd, viðbótarvernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum árið 2018. Mynd tekin í mótmælum flóttafólks í febrúar. Mynd / Bára Hulda Beck

## 800 umsóknir um vernd árið 2018

■ Útlendingastofnun afgreiddi 790 umsóknir um alþjóðlega vernd árið 2018, samanborið við 976 afgreidd mál árið 2017. 406 umsóknir voru teknar til efnislegrar meðferðar en þar af voru 111 mál afgreidd með ákvörðun í forgangsmeðferð. 152 mál voru afgreidd með ákvörðun um endursendingu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, 70 mál voru afgreidd með synjun á grundvelli þess að viðkomandi höfðu þegar fengið alþjóðlega vernd í öðru ríki og 162 umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka eða hurfu frá þeim.

Auk þeirra 160 einstaklinga sem hlutu alþjóðlega vernd, viðbótarvernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum með ákvörðun Útlendingastofnunar fengu 35 alþjóðlega vernd eða mannúðarleyfi hjá kærunefnd útlingamála, 41 einstaklingur fékk alþjóðlega vernd og dvalarleyfi hér á landi sem aðstandandi flóttamanns og 53 einstaklingar komu hingað til lands og fengu alþjóðlega vernd í boði íslenskra stjórnvalda (kvótaflóttamenn). Samtals fengu því 289 einstaklingar alþjóðlega vernd, viðbótarvernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum hér á landi árið 2018.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd árið 2018 voru af 70 þjóðernum. Heildarfjöldi umsókna – sem var 800 – var lægri en árin tvö þar á undan en árið 2017 var hann 1096 og árið 2016 1133. Samkvæmt Útlendingastofnun var samsetning hópsins önnur og dreifing umsókna milli mánaða enn fremur jafnari en verið hefur.



15 ára

afmælishátíð

Fjallakofans

20.-30. júní



Við tökum vel á móti þér í afmælissskapi

**FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ**  
sjá nánar á [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)  



**Viðtalið**

RAGNHEIÐUR  
ÞORGRÍMSDÓTTIR



# Í stríði við stofnanir og stóriðju

**Ragnheiður Þorgrímsdóttir, bóndi á Kúludalsá í Hvalfirði, hefur þurft að láta fella níttján hross síðan sumarið 2007 vegna veikinda sem hún telur stafa af flúormengun frá álverinu á Grundartanga. Síðast var hross fellt þann 11. júní síðastliðinn.**

Hún höfðaði mál gegn Norðurali vegna mengunarslyss sem varð í álverinu árið 2006, tapaði því fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á síðasta ári og í síðustu viku staðfesti Landsréttur dóm Héraðsdóms og fríaði Norðural allri ábyrgð. Ragnheiður er þó ekki af baki dottin og segist munu halda áfram að berjast fyrir réttlætinu, hrossin eigi það inni hjá henni.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir  
Myndir / Unnur Magna og aðsendar myndir

**R**agnheiður er að vonum ósátt við dóm Landsréttar, telur hann byggja á að málsgögnin hafi ekki fengið hlutlæga meðferð. „Gögnum Norðuráls var gert hærra undir höfði en þeim gögnum sem snerta veikindi hrossanna,“ segir hún. „Öll orðræðan var Norðurali í hag og röksemdafærslan sérkennileg. Litið var fram hjá orðum dýralæknisins sem bar vitni fyrir Landsrétti og gjörþekkir aðstæður á Kúludalsá. Það er mjög aðfinnsluvert.“

## Gerðist eins og hendi væri veifað

Forsaga málsins er sú að vorið 2007 byrjuðu hross á Kúludalsá að veikjast án sýnilegrar ástæðu. Ragnheiður segist hafa byrjað á því að leita orsakanna heimafyrir, en hún hafi ekki verið að gera neitt öðruvísi en áður og skýringanna því ekki að leita þar. Hrossin héldu áfram að veikjast og lyf við hóf-sperru, sem dýralæknir ávísaði gerðu ekkert gagn.

„Það höfðu aldrei sést svona veikindi hér áður,“ segir Ragnheiður. „Og þetta gerðist bara eins og hendi væri veifað. Allt í einu fóru hrossin að veikjast hvert af öðru. Sjúkdómseinkenni hrossanna voru að þau urðu stírf í hreyfingum og gátu jafnvel ekki hreyft sig, það kom bjúgur á skrokkinn, á makkann sem varð þykkur, stífur og jafnvel kúptur og á bóg, lend og höfuð. Einkennin virtust hvorki tengjast holdafari né aldri hrossanna. Hófar aflöguðust á sumum hrossanna og einnig varð vart við útbrot á skrokkum nokkurra, auk eyðingar jaxla. Allt benti á einkenni flúoreitrunar. Ekkert þeirra drapst samt úr þessu, en ég þurfti að láta fella þau því maður lætur ekki dýr kveljast til dauða, það segir sig sjálf.“

„Gögnum Norðuráls var gert hærra undir höfði en þeim gögnum sem snerta veikindi hrossanna,“ segir Ragnheiður. „Öll orðræðan var Norðurali í hag og röksemdafærslan sérkennileg. Litið var fram hjá orðum dýralæknisins sem bar vitni fyrir Landsrétti og gjörþekkir aðstæður á Kúludalsá. Það er mjög aðfinnsluvert.“

## Frétti af mengunarslysinu fyrir tilviljun

Ragnheiður leitaði til Matvælastofnunar sem sagðist ekki mundu hafa nein afskipti af málinu þar sem greinilega væri ekki um smitsjúkdóm að ræða og málið því ekki á þeirra könnu. Og þar við sat. Hrossin héldu áfram að veikjast og það þurfti að fella fleiri hesta án þess að nokkur skýring fengist á veikindum þeirra. Það var ekki fyrr en Ragnheiður heyrði af svokölluðu slysi sem orðið hafði í álverinu við Grundartanga sumarið 2006 að hún fór að átta sig á samhenginu.

„Svo heyrði ég af tilviljun af mengunarslysi sem hafði orðið í álverinu síðsumars 2006, það hafði ekkert verið sagt frá því,“ segir Ragnheiður. „Það bilaði reykhreinsivirki og búnaðurinn komst ekki í fullt lag fyrr en undir næstu áramót. Enginn veit hversu mikið af flúor fór út í andrúmsloftið í allan þennan tíma því engar mælingar voru gerðar til að meta afleiðingar slyssins. Umhverfisstofnun vissi af slysinu en ákvað samt að láta íbúa í firðinum ekki vita. Þetta var kallað „slys“ en var í rauninni varla slys þar sem svo langur tími leið þar til búnaðurinn komst í fullt lag. Á sama tíma var verið að stækka álverið mjög mikið og verulegur flúor hafði mælst í heyi á nærliggjandi bæ fyrr um sumarið sem bendir til að flúormengun hafi verið mikil áður en slysið varð.“

## Eftirlitsmaðurinn sagðist ekki hafa vit á hestum

Eftir þessa uppgötvun, vorið 2009, ákvað Ragnheiður að biðja Umhverfisstofnun að gera rannsókn á veikindum hrossanna.

„Reyndar hafði ég fyrst samband við Matvælastofnun sem vísaði málinu til Umhverfisstofnunar þar sem hún gæfi starfsleyfið fyrir álverið. Umhverfisstofnun tók við málinu og svo leið og beið. Það var ekki fyrr en ári seinna sem Umhverfisstofnun sendi hingað mann einn föstudagseftirmiðdag til þess að skoða málið. Hann sat hérna í fjóra klukkutíma við eldhúsbordið og spjallaði við mig og dóttur mína um allt og ekkert. Þegar ég spurði hvort hann vildi ekki sjá hrossin sagðist hann ekki hafa



## Viðtalið

RAGNHEIÐUR  
ÞORGRÍMSDÓTTIR



**„Enginn veit hversu mikið af flúor fór út í andrúmsloftið í allan þennan tíma því engar mælingar voru gerðar til að meta afleiðingar slyssins. Umhverfisstofnun vissi af slysinu en ákvað samt að láta íbúa í firðinum ekki vita.“**

„Þessir hestar eru meðal þeirra fimm sem Sigríður Björnsdóttir hjá MAST taldi hættulega feita og líklega til að fá EMS-sjúkdóminn. Enginn þessara fimm hesta hefur veikt enn sem komið er og eru þó liðin nærri átta ár frá heimsókn hennar á bæinn,“ segir Ragnheiður um hestana á myndinni. Mynd / aðsend



neitt vit á hestum en kom samt með mér og kíkti á þau. Hann vorkenndi hrossunum óskaplega og svo bara fór hann og ég frétti ekkert meira. Loksins heyrði ég af því að hann hefði sent Matvælastofnun fyrirspurn um málið, en enn gerðist ekkert frekar.“

Það var ekki fyrr en nærri ári síðar, vorið 2011 sem málin fóru á einhverja hreyfingu eftir að Fréttastofa RÚV hafði fjallað um málið.

„Þeir gerðu frétt sem kom í sjónvarpinu og ýtti allhressilega við Umhverfisstofnun þannig að stuttu seinna hafnaði hún rannsókn,“ útskýrir Ragnheiður. „Ég var eðlilega mjög ósátt við þessa höfnun, ekki síst þegar ég komst að því að maðurinn sem Umhverfisstofnun hafði sent hingað hafði ekki einu sinni skrifað skýrslu um heimsóknina. Stofnunin var búin að halda málinu hjá sér í tvö ár án þess að gera nokkurn skapaðan hlut nema senda eina fyrirspurn til Matvælastofnunar sem Sigríður Björnsdóttir sérgreinadýralæknir hrossasjúkdóma svaraði eftir átta mánuði. Á grundvelli svara hennar, sem hún byggði talsvert á minni lýsingu á hrossunum, hafnaði Umhverfisstofnun rannsókn. Þetta eru náttúrulega forkastanleg vinnubrögð, svo ekki sé meira sagt.“

### Afar yfirborðsleg skoðun

Þegar hér var komið var árið orðið 2011 og Ragnheiður hafði staðið í þessu stappi í fjögur ár án þess að nokkuð mjakaðist áleiðis. Hún sneri sér því aftur til Matvælastofnunar og fór fram á rannsókn af hennar hálfu og gaf þrjú hross til að rannsaka ítarlega. Eftir langa mæðu sendi stofnunin loks Sigríði Björnsdóttur, dýralækni hrossasjúkdóma, á vettvang. Að sögn Ragnheiðar var skoðun hennar afar yfirborðsleg, hún hafði skoðað tuttugu og eitt hross á klukkutíma, ekki tekið nein sýni og ekki haft meðferðis nein áhöld til að skoða ástand hófa þeirra og tanna. Engu að síður kvað hún upp þann urskurð að veikindin væru af völdum efnaskiptasjúkdómsins EMS og að hann stafaði af offóðrun og hreyfingarleysi. Birt var skýrsla um málið sem Ragnheiður mótmælti harðlega, en Matvælastofnun tók ekkert mark á mótmælum hennar. Og hún sat uppi með þann stimpil að hún kynni ekki að hugsa um hrossin sín.

„Ég er fædd hér og alin upp, hef haldið hross í áratugi og veit alveg hvernig á að fóðra hross,“ segir Ragnheiður með þunga. „Hrossin hafa alltaf verið mitt uppahald og ég hef alltaf verið innan um þau og ég vissi að þessi niðurstaða dýralæknis Matvælastofnunar átti ekki við nein rök að styðjast.“

### Skýrsla sérfræðinga virt að vettugi

Ragnheiður hélt áfram að leita orsaka veikindanna og biðla til opinberra stofnana um rannsókn á flúormengun. Árið 2012 samþykkti þáverandi atvinnuvegaráðherra loks að rannsaka orsakir veikinda hrossanna. Jakob Kristinsson, doktor emeritus í eiturefnafræði við Háskóla Íslands, og Sigurður Sigurðarson fyrrverandi yfirdýralæknir voru sérfræðingarnir sem atvinnuvegaráðuneytið fékk til að meta málið. Þeir skiluðu niðurstöðu rannsókna sinna í júní árið 2016 og sú niðurstaða var afgerandi. Samkvæmt rannsóknum þeirra, sem stóðu yfir í þrjú ár, eru mestar líkur á að siendurtekin veikindi hrossanna á Kúludalsá meggi rekja til flúormengunar frá álverinu og nær



Þrátt fyrir að hafa tapað málinu fyrir Landsrétti er Ragnheiður ekki af baki dottin og segist munu halda áfram að berjast fyrir réttlætinu, hrossin eigi það inni hjá henni.

útilokað er að veikindin meggi rekja til rangrar meðhöndlunar Ragnheiðar, eins og dýralæknir Matvælastofnunar hafði haldið fram. Ragnheiður segir þá niðurstöðu hafa verið mikinn létti og henni hafi liðið eins og réttlætið hefði loks náð fram að ganga. Hún óskaði eftir því að Matvælastofnun drægi skýrslu sína um ástæður veikinda hrossanna til baka vegna þessarar niðurstöðu en stofnunin hafnaði því. Ragnheiður greip þá til þess ráðs að kæra Norðurlá fyrir brot á starfsleyfissamningi vegna mengunarslyssins en tapaði því máli, eins og áður sagði bæði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og Landsrétti. Hvernig líður henni eftir þennan nýuppkveðna dóm Landsréttar? Hefur þessi barátta ekki verið hræðilega slítandi?

„Jú, jú, hún hefur verið það,“ segir Ragnheiður hugsu. „Ég hugsa að ég geri mér kannski ekki alveg grein fyrir því sjálf hvernig mér líður. Ég er bara í baráttunni og maður er ekkert að velta því fyrir sér í miðju stríði hvernig manni líður. Maður heldur bara áfram.“

### Dómstólar virðast taka ákvörðun fyrir fram

Talandi um að halda áfram, eru einhverjar leiðir færar fyrir Ragnheiði til að ná fram réttlæti? Hvert verður næsta skref?

„Ég veit það ekki,“ segir hún og andvarpar. „Það er jú til eitthvað sem heitir Hæstiréttur. Ég veit ekki hvort hann vill taka þetta mál upp en mér finnst sjálfsagt að reyna það. Vegna þess að mér finnst, eftir að hafa séð dómsorð Landsréttar og þar áður dómsorð Héraðsdóms Reykjavíkur, að þessir dómstólar séu ekkert að dæma í þessu máli. Mér finnst eins og þeir hafi tekið ákvörðun um niðurstöðuna fyrir fram og ég get alveg rökstutt það. Til dæmis með því hvernig þeir nota málsgögnin sem koma frá mér. Þeir nota þau nefnilega ekki og í allri orðræðu þeirra skín í gegn að það sem kemur frá Norðurlá sé áreiðanlegt og hlutlaust. Þeir styðjast við rangar upplýsingar frá lögmanni Norðurlá, meðal annars um að ég hafi neitað að láta fara fram flúormælingar á jörðinni, og nefna það í dómsorðum. Nokkur

vitni gáfu vitnisburð frá minni hlið og ég kom sjálf fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, en þegar ég las dómsorðin frá Héraðsdómi var ekki á þeim að sjá að ég hefði verið þarna. Það lítur helst út fyrir að þau hafi ekkert hlustað á mig. Núna fyrir Landsrétti kom dýralæknir, sem hefur verið dýralæknir hérna í 37 ár og gjörþekkir aðstæður, fram og lýsti því á mjög afgerandi hátt hvernig heilsa hrossanna hefði breyst eftir mengunarslysið. Hann tók einnig fyrir skýrslu Sigríðar Björnsdóttur sem hann sagði að væri handónýt, það væri ekkert í henni sem gæfi tilefni til þess að halda því fram að hrossin væru með EMS. Enda þarft að greina hvert einasta hross með því að setja það í sykurlöpspróf til greina þann sjúkdóm. Það var ekki gert og ég veit reyndar ekki til þess að eitt einasta hross á Íslandi hafi farið í slíkt próf. Samt heldur Sigríður Björnsdóttir því fram að þetta sé útbreiddur sjúkdómur á Íslandi. Mér finnst þetta oft minna á Rannsóknarrétt kaþólsku kirkjunnar á miðöldum og valdniðslu hans.“

Ragnheiður segir að það sem henni finnst eiginlega óhuggulegast í þessu máli sé hversu margir séu tilbúnir til þess að samþykkja það sem Sigríður segir. „Dómarnir hafa svo líka auðvitað áhrif,“ segir hún. „Fólk hefur tilhneigingu til að treysta þeim.“


En hefur Ragnheiður aldrei í öllu þessu ferli efast um eigin málstað? Hafa þessar sífelldu hafnanir á málaumleitunum hennar ekki haft nein áhrif á sjálfsmynd hennar?

„Nei, ég held ég hafi bara ágætis sjálfsmynd,“ segir hún. „En ég er ekki óraunsæ samt. Ég veit auðvitað að það getur öllum skjáttast en aftur á móti hef ég þessi hross fyrir framan mig á hverjum einasta degi og hef lesið mér mikið til og ég sé alveg að þetta sem Sigríður heldur fram stenst engan veginn. Hvorki varðandi það hvernig veikindi hrossanna lýsa sér né hvernig aðbúnaður og meðferð þeirra er. Ef mín hross eiga að veikjast vegna þess að þau eru offóðruð eða ekki hreyfð nógu mikið þá ættu langflest hross á Íslandi að vera fárveik, þau búa öll við svipaðar aðstæður og mín og flest þeirra eru mun feitari en mín.“



# STEFÁN KARL

SÍÐASTA  
KVÖLDMÁLTÍÐIN



Hér er hann  
loksins mættur  
úr hugarfylgsnum  
okkar ástsæla vinar,  
grínborgarinn  
Stefán Karl - Síðasta  
kvöldmáltíðin.



Eftir ýmsar æfingar, útfærslur,  
grín og smakk er óhætt að  
segja að samstarf Sprettu og  
meistarakokkanna hjá  
Hamborgarafabrikkunni hafi  
borið árangur og því kynnum  
við nú til sögunnar djúsí  
kjúklingaborgara sem er  
framreiddur með brakandi  
ferskum sprettum ræktuðum í  
snjallbýli Stefáns Karls.



Stefán Karl er djúpsteiktur kjúklingaborgari úr safaríku læra kjöti í nachos raspi. Með brakandi ferskum Sprettum, döðlu-lauk-chutney, Sprettumæjói og pikkluðum gulrótastrimlum. Borinn fram í dúnmjúku og glænýju Fabrikkubrauði með frönskum.



Viðtalið

RAGNHEIÐUR  
ÞORGRÍMSDÓTTIR

„Mér finnst þetta oft minna á rannsóknarrétt kápólsku kirkjunnar á miðöldum og valdníðslu hans.“



Ég tel að það séu miklir hagsmunir í húfi fyrir marga að þetta mál vinnist ekki fyrir dómstólum. Nú snýst umræðan æ meir um umhverfisvernd og loftslagsmál en álfyrirtækin hafa mikið til fengið að vera í friði með sína mengun. Það eru álver í nágrenni við dýrahald og matvælaframleiðslu á fleiri stöðum á landinu. Það er nokkuð öruggt að Norðurál er búð að eyða meira í málskostnað heldur það sem ég kref fyrirtækið um í bætur fyrir hrossin mín, enda mæta þeir með fleiri en einn lögmann fyrir dóm. Ef ég vinn málið gætu fleiri bændur fylgt á eftir, flúor mælist víða hér í til dæmis sauðfé sem er ræktað til manneldis og er líka talinn hafa slæm áhrif á frjósemi kinda.“

### Þurfti að leggja hestanámskeiðin niður

Auk þess að vera tilfinningalega tengd hrossunum hafa veikindi þeirra einnig bitnað á atvinnu Ragnheiðar þar sem hún rak um árabíl námskeið fyrir börn þar sem þessir hestar léku lykilllutverk. Eftir það stóra skarð sem hefur verið höggvið í raðir þeirra hefur hún neyðst til að leggja þá starfsemi niður.

„Þessir hestar sem ég notaði á námskeiðunum eru flestir farnir yfir móðuna miklu,“ segir hún. „Og ég þurfti því að leggja námskeiðin niður. Maður gerir ekki út á dauða hesta. Það er nefnilega töluverður vandi að finna hesta sem maður getur notað fyrir börn sem aldrei hafa kynnst hestum. Þeir verða að vera svo öruggir og lífsreyndir og ef ég ætlaði að fara að kaupa þannig hesta myndi það ekki borga sig fyrir mig, fyrir nú utan það að mér finnst ekki að ég eigi að vera að flytja hesta hingað. Ég get reynt að halda utan um þá sem eru eftir en mér finnst alrangt að flytja hesta inn í þetta umhverfi.“

Þannig að þetta mál hefur höggvið skarð í fjárhaginn líka?

„Ég náttúrulega vann fyrir mér sem kennari í áratugi,“ útskýrir Ragnheiður. „Og þótt eftirlaunin séu ekki há get ég tórt á þeim og svo brá ég á það ráð að stofna ferðaþjónustu eftir að hestarnir fóru að veikjast, til að drýgja tekjurnar og hafa efni á því að halda býlinu við. Það er líka mjög hressandi að kynnst fólki alls staðar að úr heiminum og það hefur hjálpað mér heilmikið. Það er svo gott fyrir sálina að vinna störf þar sem maður er að gleðja aðra og auka lífsgæði fólks. Það gefur mér mikið.“

### „Þá urðu þeir vondir“

Ragnheiður heldur úti vefsíðunni namshestar.is þar sem hún hefur farið ítarlega í saumana á málinu alveg frá upphafi og hún segir það líka hafa hjálpað sér heilmikið að geta skrifað sig frá þessu.

„Bara það að koma þessu frá sér léttir á manni,“ útskýrir hún. „Það felst í því ákveðin sálsgæsla.“

En hefur Ragnheiður staðið í einhverjum beinum samskiptum við Norðurál vegna málsins?

„Árið 2009, þegar ég tilkynnti Umhverfisstofnun um veikindi hrossanna og bað um rannsókn, sendi ég Norðuráli líka bréf, þar sem þeir hafa alltaf sagt að þeir vilji fá að vita af því ef eitthvað sé að hérna í grenndinni sem hægt væri að tengja þeim. Þeir báðu mig í framhaldi af því að láta sig fá öll gögn um málið til að þeir gætu látið sína sérfræðinga fara yfir þau. Ég svaraði þeim skriflega að svona ynni maður ekki, þeir væru ekki aðilinn sem ætti að fara yfir gögn varðandi mengun frá þeim. Þá urðu þeir vondir og ég var þar með komin út á klakann hjá þeim,“ segir Ragnheiður og skellir upp úr.

Barátta Ragnheiðar minnir um margt á kvikmyndina Kona fer í stríð, er hún búin að sjá myndina og samsamaði hún sig aðalpersónunni að einhverju leyti?

„Ég veit það nú ekki,“ segir hún og brosir. „En mér fannst allavega mjög gaman að horfa á myndina. Ég er samt ekki jafnstórtæk og hún.“

### Segir lögmann Norðuráls hafa blekk Landsrétt

Ragnheiður hefur staðið í stríði við opinberar stofnanir síðan árið 2009, finnst henni ekki slítandi að tala endalaust fyrir daufum eyrum?

„Ég held það sé nú ekki hægt að tala um dauf eyru, því þeir vita örugglega alveg upp á sig skömmina,“ segir hún ákveðin. „Ég er ekki í nokkrum einasta vafa um það að menn vita að það er eitthvað að hérna sem ekki er hægt að skýra með mínum klaufaskap eða EMS-sjúkdómi. Þeir ætla bara ekki að taka undir það, vilja ekki sjá það. Það gefur mér kraft til að halda áfram að ég veit að þetta er vegna mengunar. Það kom greinilega fram í niðurstöðum sérfræðinga atvinnuvegaráðuneytisins að flúormengun sé líkleg orsök veikinda hrossanna enda mælist fjórfalt flúormagn í beinsýnum hrossanna hér miðað við hross á ómenguðum svæðum. Og þó hrossin hafi verið á aldrinum 8 til 26 vetra þegar þau voru felld, er flúormagnið svipað í þeim öllum, sem merkir að þau urðu fyrir flúoralagi á sama tíma. Jakob og Sigurður eru auðvitað traustir vísindamenn sem forðast upphrópanir en þeir sögðu að það þyrfti frekari rannsóknir, sem eðlilegt er. Eftir að skýrsla þeirra kom út vildi Umhverfisstofnun bæta Kúludalsá inn á vöktunarplan vegna álversins, en þeir gera aldrei neitt með þær niðurstöður sem koma út úr vöktuninni, þannig að ég sá ekki ástæðu til þess að fara á byrjunarreit gagnvart stofnuninni, heldur

**Álverið á Grundartanga. „Svo heyrði ég af tilviljun af mengunarslysi sem hafði orðið í álverinu síðsumars 2006, það hafði ekkert verið sagt frá því,“ segir Ragnheiður. „Það bilaði reykhreinsivirki og búnaðurinn komst ekki í fullt lag fyrir en undir næstu áramót. ... Þetta var kallað „slys“ en var í rauninni varla slys þar sem svo langur tími leið þar til búnaðurinn komst í fullt lag.“**

vildi ég að hún héldi áfram þar sem rannsókn atvinnuvegaráðuneytisins hætti. Ég hef sjálf látið mæla flúor í grasi og heyi og þær tölur eru til og hægt að nýta þær. Í fundargerð sem gerð var um þennan fund stóð hins vegar að ég hefði neitað Umhverfisstofnun um mælingar á bænum. Ég skrifaði þeim strax og bað þá vinsamlegast að segja satt, ég hefði ekki neitað þeim, heldur sagt að ég vildi að þeir héldu fyrrnefndri rannsókn áfram. Umhverfisstofnun tók þessa beiðni til greina. Lögmanni Norðuráls fannst samt bitastætt að taka þessa klausu úr samhengi og leggja hana fyrir Landsrétt og margendurtók þetta atriði. Þannig að ég stend við það að þarna hafi ekki verið heidarlegur málfutningur heldur reynt að láta minn málstað líta illa út. Þeir hafa ekki neitt á mig og fara þessa lúalegu leið til að finna einhvern höggstað á mér.“

Ragnheiður segist vera ósátt við dóm Landsréttar, telur hann byggja á að málsöggnin hafi ekki fengið hlutlæga meðferð og nefnir annað dæmi. „Í starfsleyfi Norðuráls frá 2003 stendur skýrum stöfum að hreinsibúnaður eigi alltaf að vera í gangi, en í mengunarslysinu lá búnaðurinn niðri í einu hreinsivirkinu í allt að einn og hálfan sólarhring. Þetta er mjög sérkennileg niðurstaða hjá Landsrétti.“

Þessi barátta hefur væntanlega litað allt líf Ragnheiðar síðustu árin, er hún ekkert nálægt því að gefast upp?

„Ég hef sem betur fer alltaf getað hlegið og tekið þátt í einhverju skemmtilegu,“ segir hún. „Ég læt þetta ekki draga mig niður í svartnætti, alls ekki. Það sem kannski hefur verið erfiðast er að upplifa að sumir kunningjar, fólk sem þekkir mig, virðist trúa því sem stofnanirnar halda fram, að þetta sé mér að kenna. Það hef ég tekið nærri mér. En þú skalt ekki voga þér að reyna að láta mig líta út eins og eitthvert fórnarlamb í þessu viðtali. Ég er ekki fórnarlamb, ég er baráttukona og ég mun halda áfram að berjast.“

Álverið hefur haft gríðarlegt olnbogarymi hér, á kostnað umhverfisins alls. Ég vil að það verði hægt að stunda búskap á þessu svæði í framtíðinni. Náttúran og dýrin eru undirstaða búsetu í þessu landi og ég mun halda áfram að taka slaginn fyrir þeirra hönd, svo lengi sem á þarf að halda.“



Kveðjustund. Ragnheiður Þorgrímsdóttir hefur þurft að láta fella nitján hross síðan sumarið 2007 vegna veikinda sem hún telur stafa af flúormengun frá álverinu á Grundartanga. Síðast var hross felld þann 11. júní, en það var hryssan Óskadis sem sést hér á myndinni með Ragnheiði.





Sjáðu úrvalið  
á [goddi.is](http://goddi.is)

**MARGAR  
GERÐIR**

# Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

# Ekki gera ekki neitt

Eftir / Ragnhildi Aðalsteinsdóttur



**„Tæplega 70% fýla sem voru skoðaðir voru með plast í meltingarveginum en alls voru 43 fuglar skoðaðir.“**

Umhverfismálin hafa verið fyrirferðarmikil að undanförmu og ekki að ósekju, við erum á góðri leið með að tortíma jörðinni með soun og ofneyslu.

Jörðin er þakin rusli og drasli hvort sem er á landi eða láði og ljóst að mikil hugarfarsbreyting verður að eiga sér stað um heim allan til að snúa þessari þróun við.

Í nýlegri ástralskri rannsókn kemur fram að við innbyrðum að meðaltali plastagnir að því sem nemur einu kreditkortu á viku, mest með drykkjarvatni. Í fyrra gerði Umhverfisstofnun rannsókn á magni plasts í maga fýla á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Tæplega 70% fýla sem voru skoðaðir voru með plast í meltingarveginum en alls voru 43 fuglar skoðaðir. Einnig var gerð rannsókn á fjölda örplastagna í kræklingi á nokkrum stöðum við Ísland og fundust plastagnir í 40-55% kræklinga á hverri stöð. Þetta segir okkur að vandamálið er mun yfirgrípsmeira heldur en allt plastið sem við sjáum með berum augum og má auðveldlega tína saman með höndunum.

Í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú unnið að tillögu að aðgerðaráætlun í plastmálum sem er vel. Lokað var fyrir samráðsgáttina um tillögurnar í desember síðastliðnum og niðurstaðna beðið. En eins og tillagan lítur út núna er meðal annars lagt til að banni við einnota plasti verði flýtt hér á landi, ráðist verði í vitundarvakningu um ofnotkun á plastvörum, að hreinsun frárennslis verði bætt til að minnka losun örplasts í hafið og að hreinlætisvörur sem innihalda örplast verði bannaðar. Það eru eflaust margir sem gera sér ekki grein fyrir magninu sem skolað er út í náttúruna á degi hverjum í formi hreinlætis- og snyrtivara.

**„Í nýlegri ástralskri rannsókn kemur fram að við innbyrðum að meðaltali plastagnir að því sem nemur einu kreditkortu á viku, mest með drykkjarvatni.“**

Vitundarvakning er lykilatriði í umhverfismálum, þá meðvitund og síðan framkvæmd. Ástandið er alvarlegt og aðgerða er þörf. Ekki gera ekki neitt.

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage LP299V** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta þjargar mér algjörlega. - **Sigríður Rita Ragnarsdóttir**

abel heilsuvörur [www.abelheilsuvorur.is](http://www.abelheilsuvorur.is)



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Sigurð Hannesson

## Ræktum orðspor Íslands

■ Nýta ætti hvert tækifæri til þess að auka veg íslenskrar framleiðslu og hönnunar og rækta þannig orðspor Íslands með tilheyrandi verðmætasköpun. Einstök hönnun og vönduð framleiðsla getur eftir ímynd Íslands og aukid eftirspurn á því sem frá okkur kemur.

Nú þegar íslensk húsgögn og hönnun prýða suðurstofu Bessa-staða að frumkvæði Samtaka iðnaðarins er ástæða til að hvetja hið opinbera til að horfa í meira mæli til þess sem er hannað eða framleitt hér á landi. Af hverjum 100 krónum sem eytt er í íslenska hagkerfinu eyðir hið opinbera hvorki meira né minna en 40 krónum. Það segir sig sjálft að val hins opinbera í innkaupum hefur því óhjákvæmilega mikið að segja og getur haft jákvæð áhrif á uppbyggingu einstakra atvinnugreina.

### Vöxtur innlands iðnaðar

Það er óhætt að fullyrða að íslenskir framleiðendur og hönnuðir standa erlendum keppinautum á sporði og uppfylla allar kröfur um gæði. Á síðustu árum hefur vegur íslenskrar húsgagnaframleiðslu vaxið enda er hönnunin listfeng

og framsækinn og smíðin gerð af fagmennsku. Íslenskir hönnuðir hafa getið sér gott orð og nú er hægt að velja úr fjölbreyttu úrvali íslenskra húsgagna. Það ætti því ekkert að standa í vegi fyrir því að hið opinbera beini innkaupum sínum í meira mæli til íslenskra framleiðenda og ýti þar með undir frekari vöxt innlands iðnaðar. Það getur verið langur vegur frá fyrstu hugmynd og teikningu hönnuðar og þar til húsgagn hefur verið smíðað. En þegar handverk og hönnun fara vel saman tekst oft að skapa ný viðmið og verðmæti. Hönnun er samtal þriggja aðila sem eru hönnuður, framleiðandi og notandi. Við viljum að slíkt samtal eigi sér stað hér á landi enda getur það verið innblásið af sögu og menningu landsins og orðið til þess að byggja upp enn blómlegri iðnað.

En það gerist ekki nema áhugi og eftirspurn fari saman. Þetta ættum við öll að hafa í huga og þá ekki síst þeir sem fara með fjármagn hins opinbera.

### Til mikils að vinna

Það ætti að vera sjálfsgagt mál að íslensk húsgögn og hönnun sjáist í öllum opinberum byggingum, ekki síst þar sem almenningur og erlendir gestir fara um í einhverjum mæli. Vinna þarf markvisst að því að gera íslenska hönnun og framleiðslu sýnilegri.

Samtök iðnaðarins hvetja til þess að íslenskt verði fyrir valinu en með því ræktum við orðspor Íslands um leið og við styrkjum efnahag landsins. Með jákvæðri ímynd getum við náð forskoti í samkeppninni við aðrar þjóðir og skapað enn meiri verðmæti hér á landi. Það gagnast öllum landsmönnum og því er til mikils að vinna.



Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á [ritstjorn@birtingur.is](mailto:ritstjorn@birtingur.is). Hámarkslengd texta er 450 orð.



# Sleggjan



„Hlutfall of feitra er hátt á Íslandi og neysla á sykkurikum vörum eykur líkur á offitu.“

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.



„Nú ætla yfirvöld í herferð gegn sykurneyslu Hvað ætli andstæðingar „forsjáryggjunnar“ segi um það?“

Jón Viðar Jónsson, menningarviti og samfélagsrýnir.



„Það er augljóst að það vantar karlaathvarf. Ekkert ofbeldi er meira þaggað niður en ofbeldi kvenna gagnvart körlum.“

Dofri Hermannsson, leikari og stjórnmalamaður, vill að stofnað sé athvarf fyrir karla sem hafa sætt heimilisofbeldi.

„Íbúar hverfisins hafa verið hlunnfarnir.“

102

Árdís Pétursdóttir, einn stjórnarmanna Þryðifélagsins Skjalda - íbúasamtaka í Skerjafirði. Samtökin eru ósatt við að Skerjafjörður sem tilheyrir pósthúmaninu 101 fái pósthúmanerið 102, ná til laga sem borgarráð samþykkti í vetur fram að ganga.

„Valdastéttin er föst í því að útbúa handa okkur hinum hörmungar, föst í sjúkri tryggð við hörmulegt og hörmungavaldandi efnahagskerfi. Að taka áfram þátt í viðhaldi og útbreiðslu þessarar brjálsemi er yfirlýsing um annaðhvort forheimsku eða eitthvað form af síðblindu.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

„Að dómari við íslenskan dómstól hafi svo takmarkaðan skilning á tjáningarfrelsisákvæðum sem þessi orð (og raunar fleiri) lýsa, það er nánast hrollvekjandi.“




Illugi Jökulsson um Arnar Þór Jónsson, dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, eftir að hann dæmdi Hildi Lillindahl Viggósdóttur og Oddnýju Arnarsdóttur sekar um meiðyrði í garð tveggja karla vegna orða sem þær létu falla um þá á Facebook, í kjölfar fréttar Fréttablaðsins um að þeir hefðu haft til umráða íbúð í Hlíðunum sem væri „útbúin til nauðgana“. Síðar kom í ljós að fréttin var röng í meginatriðum.

„Borgarbúar borga meira í launaskatt til borgarinnar en til ríkisins. Meira en þeir sem búa í nágrenni Reykjavíkur.“

Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni.

„Óvarleg umfjöllun og rangar fullyrðingar geta aukið á forðóma og valdið vanlíðan hjá fólki á einhverfurófi og aðstandendum þess.“

Yfirlýsing frá Einhverfu-samtökunum vegna



orða Jakobs Frímans Magnússonar um einhverfu á Bylgjunni. Þar sagði Jakob Frímán orðrétt: „Þegar slíkt mengað sæði rennur saman við mengað egg, þá gerist þessi kokteil-effect, sem þýðir að börnin fæðast starandi út í blámann og ná ekki sambandi við neitt. Bráðaeinhverfa!“

## Ásmundur Friðriksson



Óhætt er að segja að margir hafi átt góða viku. Íbúar Austurlands hafa notið veðurblíðu síðustu daga. Karlalið Vikings í knattspyrnu átti frábæra endurkoma í Eyjum þegar Vikingur sigraði ÍBV og varð fyrsta liðið til þess að tryggja sér sæti í undanúrslitum Mjólurbikars karla í knattspyrnu. Eflaust hafa þó fáir glaðst eins mikið og þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson þegar Forsætisnefnd Alþingis féllst á að Þórhildur Sunna Ævarsdóttir hefði brotið siðareglur fyrir alþingismenn með ummælum sínum um akstursgreiðslur hans. Ekki glöddust þó allir og sagði flokksbróðir Þórhildar Sunnu, Jón Þór Ólafsson, að „þessi afgreiðsla væri til þess fallin að fela mögulega spillingu og þagga niðri í þeim sem vilja uppræta hana“.

## Jón Ingi Gíslason

Svandís Svavarsdóttir hefur ekki beinlínis átt sjö dagana sæla vegna sykurskatts sem hún hefur boðað til. Ummæli hennar um að hlutfall of feitra væri hátt á Íslandi vakti líka reiði og var Svandís sökuð um að kynda undir báli fitufordóma. Vika Jóns Ársæls Þórðarsonar varð heldur engin skemmtiferð þegar honum var stefnt af einum viðmælenda sinna úr þáttunum Paradísarheimt. Nafni hans Jón Ingi Gíslason, formaður Kennarafélags Reykjavíkur, toppaði þó allt þegar hann var í Héraðsdómi dæmdur í skilorðsbundið fangelsi og til að greiða 19.350.000 sekt í ríkissjóðs vegna stórfellds skattalagabrots. Þetta varð ekki beint til að auka hróður Jóns sem hafði áður verið vikið úr áhrifastöðum innan Framsóknar vegna málsins.



**SIRKUS ÍSLANDS**

**VÁRATUGUR AF SIRKUS!**

**REYKJAVÍK - 28. JÚNÍ - 7. JÚLÍ**  
**ÍSAFJÖRÐUR - 26. - 28. JÚLÍ**  
 • MIDASALA Á TIX.IS.

NANARI UPPLYSINGAR Á SIRKUS.IS



Bræðurnir Viktor Bjarni og Vincent Kári van der Valk hafa fengið afbragðsdóma fyrir myndina Nocturne. Myndin er fyrsta mynd Viktors Bjarna í fullri lengd, en Vincent Kári fer með aðalhlutverkið.

## Íslenskir bræður gera það gott í Hollandi

**Ný kvikmynd, Nocturne, sem tveir hálfíslenskir bræður koma að hefur hlotið frábærar viðtökur í Hollandi þar sem gagnrýnendur lofa hana í hástert. Leikstjórn er í höndum Viktors Bjarna van der Valk, sem hefur nú þegar fengið styrk til að gera aðra kvikmynd í fullri lengd, en bróðir hans, Vincent Kári, fer með aðalhlutverkið. Segjast þeir ekki getað annað en verið þakklátir fyrir þá jákvæðu dóma sem þeir hafa hlotið.**

**A**uðvitað er þetta mjög ánægjulegt,“ segir Viktor Bjarni, þakklátur fyrir þá jákvæðu gagnrýni sem hann hefur fengið fyrir mynd sína Nocturne. Gagnrýnendur hafa verið ósparir á að ausa hana lofi og stjórnun og segja að leikstjórnin fari ekki þennan hefðbundna „mainstream“ veg, sem sé ánægjulegt að sjá í hollenskri kvikmyndagerð. Sjálfur tekur Viktor Bjarni undir að myndin sé ekki formúlukennd, enda hafi hún í raun ekki eiginlegan söguþráð. En um hvað fjallar hún? „Myndin gerist nóttina fyrir „deadline“ hjá leikstjóranum Alex, aðalpersónu myndarinnar, sem er nýhættur með kærustunni sinni,“ svarar hann. „Hún lýsir örvæntingu Alex og því sem er að brjótast um í kollinum á honum. Hann er að reyna að finna ballans milli þessara tveggja heima sem hann lifur í, ytri efnislega heimsins og þess sem gerist innra með honum. Myndin er því á mörkum hins raunverulega og óraunverulega.“

Viktor Bjarni bætir við að Nocturne sé í anda filme noir, eða rökkurmynda, þar sem tónlist, klipping og svarthvítar myndir leika stórt hlutverk. Myndin sé þó með gamansómu ívaði. Heitið Nocturne sé fengið úr tónlistarbókmenntum og merki

næturljóð, yfirleitt með angurværum blá og þó að ákveðin tilvísun sé í titilinn þá hafi kvikmyndin margar hliðar. „Hún er kómísk, dýnamísk og þar er líka allt sem þarf, byssur og konur,“ segir hann og hlær og vísar þar í orð frægs leikstjóra, Jean-Luc Godard, sem hann segir að hafi haft mikil áhrif á sig sem kvikmynda-gerðarmann og gert að verkum hann fór að líta kvikmyndir öðrum augum en áður. „Godard velti fyrir sér af hverju kvikmyndagerðarlist sé svo oft sett í samhengi við „að segja sögu“ og af hverju við viljum að kvikmyndin segi hluti sem við krefjumst ekki af öðrum listgreinum eins og myndlist, tónlist eða ljóðlist,“ bendir hann á og segir að Nocturne segi ekki ákveðna sögu heldur lýsi tveimur heimum aðalpersónunnar, því sem gerist í huga hans og því sem er fyrir utan, því áþreifanlega.

### Þekktir í Hollandi

Nocturne er fyrsta kvikmynd Viktors Bjarna í fullri lengd eftir útskrift úr námi í Hollandi, en hann lærði í Utrecht University for the Arts og síðar í The Netherlands Film Academy í Amsterdam. Áður hafði hann gert stuttmyndir, m.a. Stone (2013) og Onno the Oblivious (2014), sem fengu mjög góðar viðtökur á kvik-


myndahátíðum víða um heim. Onno hlaut einnig verðlaun meðal annars sem framsæknasta myndin og tvenn peninga-verðlaun, en fyrir þau ákvað Viktor Bjarni að hefjast handa við gerð Nocturne.

Eldri bróðir hans, Vincent Kári, sem fer með aðalhlutverkið í myndinni, eins og fyrr segir, er þegar orðinn þekktur leikari í Hollandi. En frá því að hann lauk námi frá hinum virta skóla Maastricht Theatre

Vincent Kári í Nocturne. Vincent Kári hefur líka samið leikverk og er nú meðal annars að þýða úr íslensku leikverkið Kartöfluæturnar eftir Tyrfing Tyrfingsson sem hann segir að sé mjög gott leikskáld. Hann vinnur að því að styrkja íslenskukunnáttuna og lærir hana með framstörfum. Kartöfluæturnar verður sýnt í Toneelgroep Oostpool í Arnheim.

Academy árið 2010 hefur hann verið tilnefndur og unnið til nokkurra verðlauna fyrir leik sinn bæði í kvikmyndum og á leiksviði, og hefur auk þess samið leikverk. Hlutverkið í kvikmyndinni Nocturne var skrifað sérstaklega með hann í huga af Viktori Bjarna, og meðhöfundu handritsins að myndinni, Jeroen Scholten van Aschat. Vincent Kári segist aðeins hafa komið að þeirri vinnu.





NÚ ÁN  
LYFSEÐILS

## Valaciclovir Actavis

– til meðhöndlunar á frunsum

Valaciclovir Actavis 500 mg, filmuhúðaðar töflur. Lyfið er notað við meðhöndlun á frunsum hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi, sem eru 18 ára og eldri, hafa áður verið greindir af lækni með áblástur (frunsur) og þurfa endurtekna meðferð vegna áblásturs. Gleypa skal töflurnar heilar með vatni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

**Actavis**



## Menning

KVIKMYNDIR

„Ég fékk að vera með í ferlinu og gat þannig haft ákveðin áhrif á verkid, sem var mjög gaman,“ segir hann hress í bragði, en hann hefur, ekki síður en Viktor Bjarni fengið góða gagnrýni ytra fyrir frammistöðu sína í Nocturne. Sagður enn og aftur sanna hversu hæfileikaríkur leikari hann sé sem sýni ástríðu, mikla næmni og fleiri hliðar í leik sínum.



„Fólk segist sjá element sem séu íslensk í Nocturne,“ segir leikstjórnin Viktor Bjarni um mynd sína. Hann segist reyna að fylgjast með því sem er að gerast hér í kvikmyndun og nefnir bæði kvikmyndir og nöfn leikstjóra í því sambandi. Hann langar til að kvikmynda á Íslandi og segist stefna að því.

”

„Þegar ég var krakki tók pabbi mig oft með sér á tónleika, en ég spilaði fótbolta lengi og langaði miklu frekar að vera á vellinum en nú er ég feginn.“

### Koma úr listrænni fjölskyldu

Óhætt er að segja að bræðurnir eigi ekki langt að sækja listræna hæfileika sína því báðir foreldrar þeirra eru listamenn. Hlíf Svavarsdóttir, móðir þeirra, dansaði um langt árabil við Þjóðarballettinn í Amsterdam, þá var hún listdansstjóri Íslenska dansflokksins, auk þess sem hún var skólastjóri listaskóla í Arnheim en hún hefur einnig samið dansverk, m.a. fyrir Íslenska dansflokkinn og dansað víða um Evrópu. Faðir þeirra, Maarten van der Valk ásláttarhljóðfæraleikari, lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands, hinni virtu Concertgebouw-hljómsveit í Amsterdam og hefur t.d. spilað með hljómsveitinni Mezzoforte og djazzhljómsveitum. Hann starfar með Orchestra of the Eighteen Century en Maarten hefur komið fram um allan heim og hefur spilað inn á vel yfir 80 geisladiska.

Viktor Bjarni segir að það hafi haft mikil áhrif á sig að alast upp við list og sem dæmi veiti klassísk tónlist honum mestan innblástur í kvikmyndagerðinni. „Þegar ég var krakki tók pabbi mig oft með sér á tónleika, en ég spilaði fótbolta lengi og langaði miklu frekar að vera á vellinum en nú er ég feginn, klassísk tónlist veitir mér bæði innblástur, virkjar hugmyndaflugið og þar með sköpun,“ segir hann og bætir við að sér finnist líka gaman að leika sér með tungumálið, áherslur, hrynjandi o.fl. í kvikmyndun.

### „Ég er rétt að byrja“

Nocturne hefur fengið góða dóma eins og áður sagði en þrátt fyrir það segist Viktor Bjarni vera langt frá því að gera fullkomið verk og það eigi heldur ekki að vera þannig. „Ég er rétt að byrja og vil

gera ófullkomið verk í veruleika þar sem allt þarf að vera fullkomið. Það verður líka eitthvað að vera eftir fyrir mig að vinna með og þróa,“ útskýrir hann.

„Mér finnst oft að við mælum gæði kvikmynda í því hversu vel sagan er uppbyggð með listrænum hætti. En ég upplif aldrei „lífið“ eins og þess háttar sögu og alls ekki eins og vel uppbyggða listræna sögu,“ segir hann og hlær. „Í hreinskilni sagt þá er lífið ekki þannig, það getur verið óreiðukennt þegar æskunni sleppir og fullorðinsárin taka við og maður uppgötvar að það sem maður lærði er allt annað en það sem maður upplifir. Þetta eru tveir ólíkir heimar. Þannig er allt sfbreytilegt sem felur þá í sér að það eitthvað sé fullkomið stenst ekki, því þá væri allt staðnað og enginn hreyfanleiki, þess vegna er allt ófullkomið.“

Vincent Kári tekur undir með bróður sínum. „Allt er túlkun á raunveruleikum,“ segir hann. „Ég hef komist að því að hlutrænn veruleiki er varla til, allt er háð því hvernig fólk túlkar veruleikann og það er ekki hægt að aðskilja túlkandann frá því efni sem hann túlkar, þannig að þegar einhver túlkar veruleikann er sá hinn sami að búa til eitthvað eða skapa í leiðinni.“

### Ætla sér frekara samstarf

Sú spurning hefur vitanlega komið oft upp hvort samstarf þeirra bræðra hafi gengið snurðulaust fyrir sig og hvernig það sé að vera leikstýrt af litla bróður. Þeir brosa báðir þegar blaðamaður spyr út í þetta og segja að þeir hafi ekkert krydd í þá sögu. Það hafi verið mjög gott að vinna saman og þeir eigi örugglega eftir að gera það einhvern tíma aftur. Það var óskrifáð loforð þeirra beggia frá því að þeir



Vincent Kári lærði í Kína og í The Circle in the Square Theatre School í New York. Hann sneri til Hollands aftur og lauk námi frá hinum virta skóla Maastricht Theatre Academy árið 2010. Hann er þegar orðinn þekktur leikari í Hollandi. Hefur verið að leika, vinnur að sjónvarpsþáttum sem kallast Dit Zijn Wij (This Is Us) og vann að einþáttungi um líf og störf Nietzsche sem var frumsýnt í júní á leiklistarháttíðinni Oerol. Handritið að honum vann hann í samstarfi við leikstjórnann Casper VanDeputte.

voru guttar og Viktor Bjarni lék sér við stuttmyndagerð að þeir myndu gera fyrstu kvikmyndina í fullri lengd saman.

„Þetta er ekki síðasta myndin sem við vinnum saman,“ segir Vincent Kári og Viktor Bjarni tekur undir.

Hvort við Íslendingar fáum að berja myndina augum einhvern tíma í náinni framtíð svarar Viktor Bjarni því til að auðvitað væri það gaman og að einhverjir einstaklingar á Íslandi hafi haft á orði við hann að það þyrfti að koma því í kring.

**HÚS**  
OG HÍBYLI

• Gestgjafinn • **VIKAN**

Sumartilboð: **20% afsláttur** af öllum áskriftum tímarita

Sem í lok sumars verður svo einn heppinn áskrifandi sem fær Svaninn eftir Arne Jacobsen.

← **30 heppnir** áskrifendur dregnir út sem fá **FRÍA** rafræna áskrift í mánuð að eigin vali til viðbótar við núverandi áskrift.

mannlíf.is/askriftir • Áskriftarsími 5155500  
Síminn er opinn frá 09:00 – 13:00 alla virka daga  
Netfang askrift@birtingur.is



# MARG.IS MARG BORGAR SIG ENDA FRÁBÆR VERÐ



FRÍ HEIMSENDING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ef verslað er fyrir meira en 5.000 kr. Pantanir má sækja miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 15.00 til 17.00 í Hlíðarsmára 2 Kópavogi.

# MARG.IS

Laugarnar í Reykjavík



# Fyrir líkama og sál

fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

Frá morgni til kvölds




Sími: 411 5000 • www.itr.is



## Afþreying

KROSSGÁTA

		SNIPPA	PRAUT	ÚR HÖFI	KORR		MÁTTUR	VAG	SAMTÖK	FISKUR	NÚÐLUR
SAMNINGA-BRALL											
HEITI						SJÁVAR-MÁL					
						TRIMM					
TVEIR EINS			VADA						Í RÖÐ		
			AD BAKI						MÖÐUR-LÍF		
BRESTIR							LJÓMI				
							PRÁÐA				
RAGN		FEITI						JAFNVEL			
		PAGGA NIÐUR						JURTA			
	↓	FÆÐA	Í RÖÐ	JURTA-TÁGAR		GLÆSI-BÍLL					KRYDD
						GLAS					
AFSPURN					RÖSKUR					GAPA	GAUR
					PRÍS						
EFNI				ÓFYRIR-SEÐ			HEIMILDA				
				HERBERGI			FUGLS HLJÓÐ				
BARDAGI			VIÐLAG								
			SEFA								
NASL					HUGLAUS			TOTA			
					DEIGUR			KYRTLÁ			
		VANSÆMD				NÚMER TÓNVERKS			MJÖG		
		RISI				ANNÁLL			FLINKUR		
SKÍNA					UTAN		GOÐG			DÓFI	
					KRINGUM		SKÁSTOÐ			KRYDD-BLANDA	
GJALD-MÍÐILL			SÁDJÖRD				MJÖRÓMA				MORKNA
			ÚTUNGUN				ÓSKIPULAG				ANGRA
ÁSTÆÐUR				BETRUN				HEIMTING			
				KVK NAFN				ÖGN			
REIÐUR					BANI				BÓL		
					FORFABIR				MÁLMUR		
FLJÓTRÆÐI					ÁFERGJA			ÓSKA			
PIPAR-FUGL						ELDSNEYTI					

Létt			Miðlungs				Erfið									
2	3			8	6		7	9	4	5	2			4		
4		7			9		5	6	8			3		6	7	
	9		5						7	6		4	7	5		
		4	1	3		7		1	8			5	6	4	8	
6	4			5	1	2	4		6	3		7			1	
	1	2	5				6	2		1		2	5	1	7	
			1	4		6	8						7	1	3	
9				7	5	7	8	2				4	1		9	
7	4			2	8	9	2	3							1	8

### Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



**1** *Halldóra Baldursdóttir, móðir stúlku sem kærði lögreglumann fyrir barnanið, vill afsögn Haralds Johannessen ríkislögrelustjóra. Af hverju?*

*Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur ákveðið að verja þrettán milljónum í sérstakt verkefni Sameinuðu þjóðanna sem kallast Free & Equal. Út á hvað gengur verkefnið?*



**3** *Fyrir borgarfulltrúi segir umræðuna um Hannes Þór Halldórsson landsliðsmarkvörð líkjast umræðu um öryrkja og langveikt fólk. Um hvaða fyrrverandi borgarfulltrúa ræðir?*



**4** *Frá áramótum hafa 34 mál þar sem grunur er um kaup á vændi komið inn á bord lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hvað höfðu mörg mál af þessu tagi komið upp á sama tíma í fyrra?*



**5** *Það verður 20% afsláttur af áskriftum Gestgjafns, Húsa og hífúla og Vikunni – í sumar. Í lok sumars fær svo einn heppinn áskrifandi Svaninn. Hver hannaði hann?*





FAMA Manacor

# Mikið úrval af fallegum

# og vönduðum húsgögnum

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Sumarhúsgögn



**Basel hornsófi** verð 343.900 kr.



**Svefnsófi** verð 285.900 kr.



**Tórinó hornsófi** verð 333.900 kr.

## PÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR



**Havana tungusófi** verð 570.000 kr.



**Fontana** verð 1.350.000 kr.  
Rafstillanlegur, margir litir í boði.



**Roma hornsófi** verð 265.900 kr.

## HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI

Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



## Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - [www.patti.is](http://www.patti.is)

**Patti**  
HÚSGÖGN



Umsjón/ Stefania Albertsdóttir  
Myndir / Frá framleiðendum



Litríkt & ljúft fyrir sumarhúsið

1. Smart glerskápur í sumarhúsið frá House Doctor. Fakó, 240.000 kr. 2. Rafgult glas frá Lucca. Kokka, 1.590 kr. 3. Glæðleg og sumarleg hörviskustykki frá Lapuan Kankurit. Pipar og salt, 2.200 kr. 4. Djúsi ullarteppi frá Bronte by Moon. Álfagull 12.900, kr. 5. Sinnepsgul plastmotta frá Pappelina sem hentar vel bæði inni og úti. Kokka, 19.500 kr. 6. Perigord-rauðvinsglas frá La Rochère. Kokka, 1.490 kr. 7. Borðlampi sem minnir á gamla tíma. Fakó, 32.900 kr. 8. Diskar úr ítölskum leir frá Casagent. Bakgarðurinn á Akureyri, frá 3.510 kr. 9. Vaðfuglar úr Dýraríki Íslands eftir Benedikt Gröndal. Crymogea, 2.500 kr. 10. Klassíski Wishbone-stóllinn í litnum Darkblue Lacquer. Epal. 11. Kanna fyrir köldu drykkina eða villtan blómvönd beint úr garðinum. Litla Garðbúðin, 2.290 kr. 12. Salt- og piparkvörn úr Hammershøj-línunni frá Kähler. Casa, 6.390 kr. 13. Campagna-stellið frá Casagent fæst í Bakgarðinum á Akureyri. 14. Vintage-bréfafressa frá Haford Grange. Geysir, 9.800 kr. 15. Lukt fyrir kubbakerti úr sumarlinunni 2018. Hægt að nota bæði inni og úti. IKEA, 3.990 kr.

**HÚS OG HÍBYLI**

*Hús og híbýli er vandað og rótgróið tímarit um íslensk heimili og hönnun.*

Tryggðu þér áskrift á [mannlif.is/askriftir](http://mannlif.is/askriftir) ★ [www.husoghiblyli.is](http://www.husoghiblyli.is)

# Múrbúðin komin í HAFNARFJÖRÐ!

Velkomin í nýja  
verslun við  
Selhelli 6

**FRÁBÆR  
OPNUNARTILBOÐ Í  
ÖLLUM VERSLUNUM**



**20%  
AFSLÁTTUR**

**34.320**  
Áður kr. 42.900

**Kaliber  
Black II  
gasgrill**  
3 brennarar (9kW).  
Grillflötur 60x42cm

**Kaliber  
Ferðagasgrill**



**45.990**  
Áður kr. 57.900

**Kaliber  
Silver  
gasgrill**  
4 brennarar, (12kW)  
Grillflötur 62x41cm

**Kaliber  
PREMIUM GRILL**



**20%  
AFSLÁTTUR**

2 brennarar (5kW)  
Grillflötur 53x37cm

**19.672**  
Áður kr. 24.590

Áður kr. 24.590



**25.492**  
Áður kr. 29.990

**Lavor Vertico 20  
háþrýstidæla**

Orka: 2100W- 230V-50Hz  
Hámarksþrýstingur: 140 bör Max  
Vatnsflæði: 400 L/klst. Max

**15%  
AFSLÁTTUR**



**35.920**  
Áður kr. 44.900

**MOWER CJ18**  
BS 3,5hp Briggs&Stratton  
mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18".  
Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og  
staða 25-80mm/10

**20%  
AFSLÁTTUR**



**20%  
AFSLÁTTUR**

**18.712**  
Áður kr. 23.390

**Lavor Race 125  
háþrýstidæla**

1800W, 125 bör  
(170 bör m/turbo stút)  
Vatnsflæði: 400 L/klst.



**15%  
AFSLÁTTUR**

**25.492**  
Áður kr. 29.990

**Lavor SMT  
160 ECO**

2500W, 160 bör (245 m/  
túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár  
stillingar: mjúk (t.d. viður), mið  
(t.d. bill) og hörð (t.d. steypa).

**15%  
AFSLÁTTUR**

**21.165**  
Áður kr. 24.900

**Sláttuorf Mow  
FBC310**

Sláttuorf: 1strokks  
fjörgengis mótor.  
0,7 kW Rúmtak 31CC,  
Bensíntankur 0,65 L

**GARÐVERKFAERI  
Á GÓÐU VERÐI!  
MIKIÐ ÚRVAL!**



**VIÐARVÖRN  
15%  
AFSLÁTTUR**



Oden þekjandi viðarvörn  
1 líter, A stofn

**1.522**  
Áður kr. 1.790

Áður kr. 1.790



**MÁLNING  
20%  
AFSLÁTTUR**

Deka Projekt 10 innimálning,  
9 lítrar (stofn A)


**5.752**  
Áður kr. 7.190

Áður kr. 7.190

DEKAPRO útimálning,  
10 lítrar

**6.392**  
Áður kr. 7.990

Áður kr. 7.990



**1.683**  
Áður kr. 1.980

Áður kr. 1.980

**PALLAOLÍA  
15%  
AFSLÁTTUR**



**59.920**  
Áður kr. 74.900

**MOWER CJ21G**

Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton  
mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvídd  
53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst.,  
safnpoki að aftan 70 L, hliðar  
útskilun, skurðhæð og  
staða 25-80mm/8

**20%  
AFSLÁTTUR**

**CERAVID Þýsk gæði**



3-6 lítra  
hnappur

**15%  
AFSLÁTTUR**

CERAVID SETT  
WC - kassi, hnappur  
og hæglokandi seta.

Þýsk gæðavara

**33.057**  
Áður kr. 38.890

Áður kr. 38.890

Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum Murbúðarinnar til og með 6. júlí meðan birgðir endast.

<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Hafnarfjörður</b>	Selhelli 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla/alltaf!

í Hafnarfirði



## Gestgjafinn

SÆLKERI Í NÆRMYND

Umsjón / Folda Guðlaugsdóttir  
Mynd / Hákon Davíð Björnsson

# „Mest í ítalskri og indverskri matargerð“

Katrín Halldóra Sigurðardóttir leikkona heillaði þjóðina með söng sínum á fjöllum Borgarleikhússins þar sem hún fór með aðalhlutverðið í leiksýningunni um hina ástsælu söngkonu Elly Vilhjálms en sýningum lauk fyrir skömmu. Katrín segist eflaust hafa orðið kokkur ef hún hefði ekki farið í söng- og leiklistarnám en hún er mikill sælkeri, áhugamanneskja um matargerð og finnst gaman að bjóða fólki í mat og læra nýjar uppskriftir.



### Hver er þín fyrsta matarminning?

„Ég man eftir ofboðslega góðu lasagna sem mamma gerði alltaf fyrir fjölskylduna.“

### Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

„Svikinn héri. Þá vondu ofnkássu sem ég skil ekki hver fann upp á eða hverjum finnst góð.“

### Hver er uppáhaldsmatargerðin þín?

„Ég er með mjög fjölbreyttan alþjóðlegan smekk en ætli ég sé ekki mest í ítalskri og indverskri matargerð.“

### Hver er uppáhaldseldhúsgræjan þín?

„Ég er eldhúsgræjusjúk og á svo mikið af eldhúsgræjum að ég gæti í alvörunni opnað iðnaðareldhús heima. Ég get ómögulega valið á milli Vitamix-blandarans, Magimix-matvinnsluvélarinnar, KitchenAid-hræriveilarinnar eða Excalibur-þurrkofinsins. Allt saman mikið notað.“

### Hvaða tónlist seturðu á fóninn með góðri máltíð?

„Ég set oftast einhverja góða jazz-plötu á fóninn í matarboðum.“

**Uppáhaldsmaturinn þinn?** „Ég elska andabringu, hvort sem hún er elduð eða í salati. Hún er það besta sem ég fæ.“

### Hvaða þrjú hráefni tækirðu með þér á eyðieyju?

„Súkkulaði, sæta kartöflu, rjóma og kóríander ... úbbs, fjögur.“

### Hvað er alltaf til í eldhúsinu þínu?

„Ég á alltaf til möndlur og döðlur.“

### Hvaða mat myndirðu elda fyrir leikstjóra sem þú ætlaðir að ganga í augun á?

„Ég myndi elda pestófylltar kjúklingabringur með sætkartöflumús og hafa heimagerðan ís í eftirrétt.“

### Hvað er oftast í matinn hjá þér á virkum dögum?

„Ég er mikið með kjúkling í minni eldamennsku, hvort sem hann er í súpum, ofnréttum eða salati. Mér finnst gaman að prófa nýjar uppskriftir.“

### Er eitthvað sem þú pirrar þig við matarmenningu landans?

„Já, mér finnst of mikið um unnar kjötvörur. Ég kaup þær ekki og borða helst ekki, fæ eiginlega bara brjóstsviða af þeim.“

### Hver er fyrirmynd þín í eldhúsinu?

„Mamma er mín stærsta fyrirmynd, hún er alveg ótrúlegur kokkur, galdrar fram þvífkar veislur með annarri hendi. Hrefna mágkona mín er algjör dúndurkokkur og ég myndi segja að ég sé blanda af þeim báðum

í minni eldamennsku. Ég tek það besta frá báðum og þá er útkoman ekkert slor.“

### Hvað finnst þér gott að borða eftir leiksýningar?

„Ég fæ mér stundum skyr, eitthvað létt þar sem klukkan er orðin svo margt og ekki gott að fara í háttinn með fullan maga.“

### Er eitthvað sem þú borðar alls ekki?

„Já, ég borða alls ekki bjúgu og alls ekki rækjur.“

### Hefurðu einhvern tíma þurft að borða á leiksviðinu, ef svo er hvað var það?

„Já, þegar ég lék Dollí í Djöflaeyjunni í Þjóðleikhúsinu átti ég að úða í mig nokkrum súkkulaði- og karamellubitum í einni senunni. Þar sem ég sá fram á að enda á því að stækka um nokkrar fatastærðir með þessu áframhaldi allan leikhúsveturinn lét ég skipta karamellunum út fyrir litla hnetubita sem litu út fyrir að vera karamellur.“



**„Ég er eldhúsgræjusjúk og á svo mikið af eldhúsgræjum að ég gæti í alvörunni opnað iðnaðareldhús heima.“**



## Stúdíó Birtingur

Í SAMSTARFI VIÐ  
HAMBORGARAFABRIKKUNA

**Stefán Karl**  
Síðasta kvöldmáltíðin



# Í skýjunum með góðar viðtökur

Jóhannes Ásbjörnsson, einn eigenda Hamborgarfabrikkunnar segist vera himinlifandi með þær góðu viðtökur sem Stefán Karl – Síðasta kvöldmáltíðin hefur hlotið en um er að ræða nýjung á matseðli sem á sér fallega sögu.

**H**onum hefur verið tekið gríðarlega vel,“ segir hann. „Enda rosalega góður borgari á ferð, í raun fyrsti almennilega djúpsteykt kjúklingaborgarinn sem við erum með á matseðli. En það sem gerir hann svona sérstaklega góðan er

að við notum lærakjöt, sem er bæði feitt og safaríkt, og setjum það svo í nachos-rasp.“

Að sögn Jóhannesar á þessi vel heppnaða nýjung á matseðli sér fallega sögu því borgarinn er samstarfsverkefni sem Ham-borgarfabrikkun og Stefán Karl

Stefánsson heitinn fóru af stað með. „Forsagan er sú að Stefán stofnaði snjallbýli, Sprettu ehf. fyrir svolitlu síðan. Merkillegt fyrirtæki sem ræktar svokallaðar sprettur sem eru litlar mat- og kryddjurtir sem verða ekki stórar eins og þessar jurtir sem þú sérð í búðum og eru fyrir vikið bragðmiklar og fullar af næringarefnum. Það var útgangspunkturinn í samstarfinu. Stefán langaði að vekja athygli á þessu með því að velja með okkur góðar sprettur á nýjan borgara á Fabrikkunni.“

Jóhannes segir að verkefnið hafi hins vegar lagst í dvala þegar í ljós kom að Stefán glímdi við alvarleg veikindi. „Ári eftir að Stefán féll frá hafði Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, ekkja hans, samband. Henni fannst kominn tími til að klára verkefnið.“

Kokkateymi veitingastaðarins, undir stjórn Eyþórs Rúnarssonar, hófst því handa með þeim Steinunni Ólínu og Soffíu Steingrímsdóttur hjá Sprettu við að þróa borgarann. Fyrir valinu urðu pikklaðir gulrótastrimlar og svo tvennskona sprettur: Klífurbaunagrass, sem Jóhannes segir að sé villt spretta sem minni í útliti á hárið á Alberti Einstein og Red Rambo, bragðmikil spretta sem hafi verið í sérstöku uppáhaldi hjá Stefáni, en hún er notuð í botninn á borgaranum og út í majónesíð sem útskýrir bleikan lit þess. „Steinunn Ólína bætti svo

við uppskrift að döðlu- og lauk-chutney og Eyþór „tvíkaði“ hana aðeins til. Herlegheitin eru síðan borin fram með stökkum frönskum og nýrri tegund af brauði. Útkoman er einn mest seldi borgarinn okkar frá upphafi.“

Borgarinn ber heitið Stefán Karl – Síðasta kvöldmáltíðin en Jóhannes segir hugmyndina vera frá Stefáni Karli sjálfum komin. „Hann stakk upp á því við okkur. Hann var svo æðrulaus gagnvart dauðanum. Grínaðist með hann alveg fram á síðustu stundu og missti aldrei húmorinn. Okkur finnst því við hæfi að halda heitinu, það er í hans anda.“

### Nóg að gera

Hamborgarfabrikkun hefur verið lunkin við að koma með sniðug heiti á rétti sína. Er von á fleiri slíkum á næstunni? „Klárlega. Þetta er eitthvað sem við reynum að gera tvisvar til fjórum sinnum

á ári, búa til skemmtilegar tengingar við dægurhetjur og fólk sem Íslendingum þykir vænt um,“ svarar Jóhannes hress í bragði. „Það er þegar kominn langur listi af góðum hugmyndum en ekki búið að nepla neitt niður.“

Spurður hvort fleira standi til segir hann að það sé búið að vera í nógu að snúast í sumar. „Það hefur verið liflegt á útisvæði Fabrikkunnar við Kringluna, vægast sagt, stappað nánast alla daga, sérstaklega þegar sést til sólar og svo auðvitað hina dagana líka, enda skjólsælt svæði. Annars er bara bjart fram undan.“

**„... það sem gerir hann svona sérstaklega góðan er að við notum lærakjöt, sem er bæði feitt og safaríkt, og setjum það svo í nachos-rasp.“**



Jóhannes Ásbjörnsson, einn eigenda Hamborgarfabrikkunnar og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikkona.



# Lúxusflaug

með hvítum  
hjúp

## LEYFÐU ÞÉR SMÁ LÚXUS

Taktu flugið og gæddu þér á nýjustu viðbótinni í Lúxus-fjölskyldunni, silkimjúkri vanillúisflaug hjúpaðri hvítu eðalsúkkulaði. Við hreinlega fáum ekki nóg af þessari.





Gestgjafinn

EINFALT OG GOTT

# Einfaldlega mynta

Ljúffengur og sumarlegur réttur sem er kjörinn í útileguna eða sumarbústaðinn.



Umsjón / Kristín Dröfn Einarsdóttir Myndir / Hákon Davíð Björnsson Stílisti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir



Ljúffengur og sumarlegur réttur sem er kjörinn í útileguna eða sumarbústaðinn.

## Kúskus

1 sæt kartafla  
1 rauðrófa  
3-4 msk. olía  
1 msk. balsamedik  
gróft sjávarsalt  
nýmalaður svartur pipar  
  
2 kjúklingabringur  
1-2 tsk. Arabískar nætur –  
kryddblanda frá Pottagöldrum  
gróft sjávarsalt  
nýmalaður svartur pipar

2-3 msk. olía, til steikingar  
250 g kúskús  
örlítid salt  
1 msk. ólífuoía  
2 ½ dl sjóðandi vatn  
  
1 límóna, börkur og safi  
3 vorlaukar, smátt saxaðir  
1-2 lárperur, skornar í bita  
6-8 kirsuberjatómatar, skornir í tvennt  
100 g fetaostur, mulinn gróft  
lauf af 6-8 myntugreinum, söxuð  
hnefaylli steinselja, söxuð

Hitið ofn í 220°C. Afhýðið rótar-grænmetið og skerið í bita. Athugið að þar sem sæta kartafan eldast hraðar en rófan er betra að hafa hana í stórum bitum og rófunna í litlum þannig að allt eldist á svipuðum tíma. Veltið grænmetinu upp úr olíu, balsamedíki, salti og pipar. Setjið á bókunarpappírsklædda ófnplötu og bakið í u.þ.b. 30 mín. eða þar til allt er mjúkt í gegn. Berjið bringurnar með kjóthamri þannig að þær séu jafnþykkar.

Kryddið og stráid salti og pipar á bringurnar. Hitið olíu á pönnu og steikið bringurnar þar til þær eru eldaðar í gegn, eða í 4-5 mín. á hvorri hlið (fer þó eftir þykkt). Látið kjötið kólna og skerið síðan í bita.  
  
Setjið kúskús, salt og olíu í skál og hellið sjóðandi vatni yfir. Lokið vel með pottloki eða plastfilmu og látið standa í 5-10 mín. Hrærið þá með gaffli í gegnum kúskúsið til þess að losa það í sundur og blandið

að lokum kjúklingi og grænmeti saman við, ásamt restinni af hráefnunum. Bragðbætið með salti og pipar eins og þarf og bætið gjarnan við límónusafa eftir smekk. Gott að bera fram með myntusósu (sjá uppskrift).

## Myntusósa

350 g grísk jógúrt  
2 msk. jómfrúarólfuoía  
hnefaylli mynta, laufin  
2-3 greinar kóríander, (má sleppa)  
safi úr ½ límónu  
1 tsk. hunang eða agave-síróp  
gróft sjávarsalt  
nýmalaður svartur pipar

Blandið öllu saman og bragðbætið með salti og pipar og hunangi eða límónusafa eftir smekk.

## Myntuhlaup

### 2-3 krukkur

Gott með ostum og kjöti, sérstaklega lambakjöti.

100 g mynta, lauf og stilkur  
5 dl vatn  
5 dl sykur  
safi úr ½-1 sítrónu  
1-2 dropar grænn matarlitur (má sleppa)  
1 pakki (40 g) pektín (sultuhleypir)

Setjið myntu og vatn saman í pott og látið suduna koma upp, sjóðið í nokkrar mínútur, slökkvið þá undir og látið standa í 10-20 mín. Sigtíð myntuna frá og setjið vökvann aftur í pottinn ásamt sykri, sítrónusafa og matarlit, má sleppa. Sjóðið saman þar til sykurinn er vel uppleystur. Stráið pektíni yfir og hrærið vel á meðan þannig að ekki myndist kekkir, ef það gerist má hella heitum vökvannum í gegnum sigti áður en honum er hellt í sóthreinsaðar krukkur. Lokið vel og látið kólna alveg.



„Setjið myntu og vatn saman í pott og látið suduna koma upp.“

Gestgjafinn

Gestgjafinn er leiðandi tímarit um mat, matarmenningu, vín og ferðalög.

Tryggðu þér áskrift á [mannlif.is/askriftir](http://mannlif.is/askriftir) ★ [www.gestgjafinn.is](http://www.gestgjafinn.is)



Svanurinn á tilboði\*

FRITZ HANSEN



HÖNNUN: ARNE JACOBSEN

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

**Verð: 449.000.-**

**Tilboðsverð: 379.900.-**



\* Tilboðið gildir frá 1. maí - 1. september 2019 · Áklæði: Christianshavn - 26 möguleikar á litum



# Austrið mætir vestrinu

Undanfarin ár hefur verið mikil gróska í tískuiðnaði í Austurlöndum en fatahönnuðir í austrænum ríkjum þykja einkar lunknir við að tengja gamlar hefðir heimalanda sinna við nútímatískustrauma. Áhrifa frá þessum straumum er farið að gæta á Vesturlöndum og margt spennandi lítið dagsins ljós þegar austrið mætir vestrinu í hönnunarheiminum.

## Indversk dulúð

Indversk áhrif hafa lengi verið áberandi í breskri tískuhönnun og mynstruð sjöl og pasmínur verið hluti af línunum margra hönnuða. Hinn indverski sari og japanski kimonó eru einnig áberandi í kjólatískunni og varla sá fataskápur á Vesturlöndum sem ekki innheldur einn kimonó. Gullnar bryddingar og málmliuð mynstur má einnig rekja til Indlands. Meðal þeirra sem sótt hafa sér innblástur til Indlands eru Stella McCartney, John Galiano, Matthew Williamson, Jade Jagger og Gaultier.

Rina Dhaka er hins vegar indverskur hönnuður sem hefur reynt að vinna sér markað á Vesturlöndum og meðal þeirra sem hafa kosið að klæðast fötum frá henni eru Naomi Campbell og Tara Palmer-Tomkinson.

”

„Indversk áhrif hafa lengi verið áberandi í breskri tískuhönnun og mynstruð sjöl og pasmínur verið hluti af línunum margra hönnuða.“



## Sækir innblástur í menningararfinn

RenLi Su er kínverskur fatahönnuður sem undanfarin ár hefur verið búsett í London. Hún segist hafa heimsótt heimaland sitt nýlega til að minna sig á og skynja að nýju rætur sínar. Hún segir að það hafi orðið til þess að hún hafi af alvöru farið að velta fyrir sér menningarmuninum milli Bretlands og Kína, ekki hvað síst vegna þess að hún ólst upp í smábæ langt úti í sveit og umhverfið þar gerólíkt ys og þys stórborgarinnar. Bærinn er í Fujan-sýslu rétt við sjóinn en sibreytileiki hafsins hefur oft orðið henni uppspretta hugmynda. Hún lagði stund á málaralist og tískuhönnun í the Central Academy of Fine Arts í Beijing og hefur sífellt látið reyna á mörkin milli málverksins og fatahönnunar.

Upphaflega kom hún til London til að ljúka MA-gráðu í Fashion Design and Technology Womenswear frá London College of Fashion. Hún teiknar gjarnan sín myndur sjálf og lætur handvinna efnin fyrir sig. Renli er líka heilluð af sögu tískunnar og leitar oft aftur á bak í tíma til Viktoríutímans og hinna skrautlegu hirða Loðvíkanna í Frakklandi.



”

„Hinn indverski sari og japanski kimonó eru einnig áberandi í kjólatískunni og varla sá fataskápur á Vesturlöndum sem ekki innheldur einn kimonó.“

VIKAN

Vikan er fjölbreytt, fræðandi og skemmtileg.

Tryggðu þér áskrift á [mannlif.is/askriftir](http://mannlif.is/askriftir) ★ [www.vikan.is](http://www.vikan.is)





# ÚTSALAN ER HAFIN!



*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT  
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði  
544 5100 – [granitsteinar.is](http://granitsteinar.is)



Útsalan hafin  
10-50% afsláttur  
af öllum vörum

habitat  SÍÐAN 1964

 **TEKK**  
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT  
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI  
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18  
LAU 11-17 OG SUN 13-17  
VEFVERSLUN Á [WWW.TEKK.IS](http://WWW.TEKK.IS)





## KALMENTE | NEFÚÐI VIÐ OFNÆMISKEFI

- NÓG EINU SINNI Á SÓLARHRING
- NEFÚÐI
- 140 SKAMMTAR
- INNIHELDUR MÓMETASONFÚRÓAT

Kalmente 50 µg/skammt, nefúði, dreifa. 140 skammtar í úðaglasi. Virkt efni: mómétasonfúróat. **Ábending:** Kalmente er notað við einkennum ofnæmiskvefs (einnig kallað árstíðabundið ofnæmiskvef) og stöðugs ofnæmiskvefs hjá 18 ára

og eldri. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

FÆST ÁN LYFSEDLIS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is



**Síðast en ekki síst**

Eftir / Óttarr Proppé

**Gullna reglan blívur víst**

Árið 2015 fór ég um Mið austurlönd að kynna mér flóttamannavanda Sýrlendinga. Ástandið var misjafnt. Við hittum fólk sem mátti ekki vinna, var jafnvel strangt til tekið „ólöglegt“ og átti á hættu að vera rekið til baka yfir landamærin aftur þangað sem stríðið hafði svipt það öllu. Það hékk í reiðileysi í tjöldum bakvið öskuhauga eða í hálfbyggðum húsum og hreysum. Því miður eru sennilega margir þar enn þá.

Þau sem ég hitti voru alveg eins og ég. Höfðu fylgst með sama sjónvarps-efni og ég og heimsótt fleiri söfn í London og París en ég í sumarfríum áður en hörmungarnar breyttu öllu. Hvernig getur manneskja í eðli sínu verið „ólögleg“? Það er ekkert kristilegt við það eins og amma mín hefði orðað það. Samt fann maður víðast hvar tregðu við að hjálpa þessu fólki í neyð. Heima í Evrópu var aldeilis tregðast við og er enn. Það er ekki fallett.

Tyrkneska borgin Gaziantep við landamæri Sýrlands skar sig úr. Borgarstjórninn þar sagði það vera skyldu allra að taka vel á móti bræðum okkar og systur. Og það gerðu borgarbúar. Og gera enn eins og rakið er í Guardi-an á dögnum. Þessi tæpra tveggja milljóna manna borg hefur vaxið um þriðjung. Hundruð þúsunda Sýrlendinga fóta sig í nýju landi. Matarmening ókrýndrar gourmet-höfuðborgar Tyrklands hefur fengið enn nýjar víddir. Menning, mannlíf og viðskipti blómstra. Þar er friðvænlegt. Það er fallett.

Nú aðskilja Bandaríkjamenn börn frá foreldrum sínum og læsa í fangabúðir og búr. Á Ítalíu eru sett lög sem skipa um að fangelsisvist bíði þeirra sem hjálpa flóttafólki í neyð. Þetta er ömurlegt. Þetta er ljótt.

Það er sagt að öll trúarbrögð eigi sína útgáfu af gullnu regluninni. Að maður skuli koma fram við aðra eins og maður vill láta koma fram við sig. Gullna reglan er enn þá í fullu gildi. Gleymum því aldrei.



**KRONAN**

**GRILLJÓN**  
ástæður til að grilla



ÁSTEDA  
1.059

... því það yljár í útilegu

**GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ**

**Mikið úrval af heilsurúmum og dýnum**

Full búð af nýjum vörum



BODYPRINT x Reverie

**STILLANLEG HJÓNARÚM**

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum  
Allar nánari upplýsingar á [www.svefnogheilsa.is](http://www.svefnogheilsa.is)

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hjóðlátir og kraftmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



**VALHÖLL frábær dýna í sumarbústaðinn**

5 svæðaskipt heilsudýna, pokagormakerfi og gæðabólstrun  
Verð frá aðeins kr. 74.900.- m/botni og fótum

FLOTT Í SUMAR-BÚSTAÐINN



**SVEFNSÓFI PIU**

Medium Arm Antracite  
Belgískur Svefnsófi fyrir þá allra kröfuhörðustu. Mjög sterk grind með góðri gormadýnu. Slitsterkt áklæði - Verð kr.369.900.-

**YARIS SVEFNSÓFI**

Góður svefnsófi á góðu verði. Svefnsófi er úr gráu slitsterku áklæði með 140 memory foam dýnu  
Verð aðeins kr. 154.900.-



**PRESTON - SVEFNSÓFI** / Einnig fánlegur sem tungu-svefnsófi  
Góð memory foam dýna sem er 140 cm á breidd.  
Verð aðeins kr. 249.900.-

Frábært úrval af sófum og svefnsófum

12 mán.  
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR



**LYFTU-HVÍLDARSTÓLL - KOMIN AFTUR**

Þessir vinsælu hvíldarstólar eru með ekta leðri á slitflötum og PU-leðri á hliðum og baki. Stólarnir eru mjög þægilegir og styðja vel við lágbak. Hvíldarstólarnir fást bæði með og án rafstýringu. Hægt er að stilla þá frá því að sitja uppréttur að því að leggjast vel afturábak. Góðir stólar á frábæru verði - 3 litir.  
Verð aðeins kr. 119.900.-

**ÚRVAL AF BAÐSLOPPUM**

fyrir dömur og herra  
Handklæði í úrvali góð í sumarbústaðinn



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

vefverslun  
[svefnogheilsa.is](http://svefnogheilsa.is)

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00